

Samkvæmsetillit ð			
Máttur	/70Bool	Frám	#105
Stofa	25.1.2)	AT	
Ást	26.9.2017		
AD%.	án trúna.	Þrátt	

## SAMRUNASKRÁ

VEGNA KAUPA HAGA HF.  
Á ÖLLU HLUTAFÉ  
Í OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF.  
OG DGV EHF.

-án trúnaðarupplýsinga-

## Efnisyfirlit

1	KAFLI Stutt lýsing samruna.....	6
1.1	Lýsing á starfsemi Haga.....	6
1.2	Lýsing á stafsemi Olís.....	7
1.3	Lýsing á stafsemi DGV.....	8
2	KAFLI Grunnupplýsingar um samrunaaðila.....	9
3	KAFLI Upplýsingar um samrunann.....	12
3.1	Aðdragandi samrunans.....	12
3.2	Markmið samrunans.....	12
3.3	Eðli samrunans.....	13
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til.....	14
3.5	Kaupverð hins keypta eða umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru eftir eðli samrunans.....	14
3.6	Upplýsingar um veltu síðast liðið reikningsár.....	14
3.7	Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif, viðskiptalegu forsendur samrunans.....	15
4	KAFLI Eignarhald og yfirráð.....	18
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti 18	
4.2	Fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila og/eða annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 4.1.....	20
4.3	Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi.....	20
5	KAFLI Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.....	24
5.1	Öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum sem áhrifa gætir.....	24
5.2	Stjórnarmenn sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum sem áhrifa gætir.....	24
5.3	Yfirtökur á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samruna gætir.....	24
6	KAFLI Fylgiskjöl.....	25
7	KAFLI Skilgreiningar á mörkuðum.....	26
7.1	Markaðir þar sem áhrifa gætir.....	26
7.1.1	Markaður fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila.....	26
7.1.2	Markaðir þar sem lóðrétt viðskipti milli samrunaaðila eiga sér stað.....	27
7.2	Markaðir skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	28
7.3	Markaðir þar sem að áhrifa gætir ekki.....	28
7.3.1	Eldsneytismarkaðurinn.....	28

Samkeppnið			
Markaður	/708001	Stærð	#105
Útgáfudagur	25.1.21	Ástæða	
Mál	26.9.2017	Stærð	
Ástæða	án trúna.	Stærð	

## SAMRUNASKRÁ

VEGNA KAUPA HAGA HF.  
Á ÖLLU HLUTAFÉ  
Í OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF.  
OG DGV EHF.

-án trúnaðarupplýsinga-

## Efnisyfirlit

1	KAFLI Stutt lýsing samruna.....	6
1.1	Lýsing á starfsemi Haga.....	6
1.2	Lýsing á stafsemi Olís.....	7
1.3	Lýsing á stafsemi DGV.....	8
2	KAFLI Grunnupplýsingar um samrunaaðila.....	9
3	KAFLI Upplýsingar um samrunann.....	12
3.1	Aðdragandi samrunans.....	12
3.2	Markmið samrunans.....	12
3.3	Eðli samrunans.....	13
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til.....	14
3.5	Kaupverð hins keypta eða umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru eftir eðli samrunans.....	14
3.6	Upplýsingar um veltu síðast liðið reikningsár.....	14
3.7	Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif, viðskiptalegu forsendur samrunans.....	15
4	KAFLI Eignarhald og yfirráð.....	18
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti 18	
4.2	Fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila og/eða annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 4.1.....	20
4.3	Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi.....	20
5	KAFLI Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.....	24
5.1	Öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum sem áhrifa gætir.....	24
5.2	Stjórnarmenn sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum sem áhrifa gætir.....	24
5.3	Yfirtökur á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samruna gætir.....	24
6	KAFLI Fylgiskjöl.....	25
7	KAFLI Skilgreiningar á mörkuðum.....	26
7.1	Markaðir þar sem áhrifa gætir.....	26
7.1.1	Markaður fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila.....	26
7.1.2	Markaðir þar sem lóðrétt viðskipti milli samrunaaðila eiga sér stað.....	27
7.2	Markaðir skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	28
7.3	Markaðir þar sem að áhrifa gætir ekki.....	28
7.3.1	Eldsneytismarkaðurinn.....	28

7.3.2	Dagvörumarkaðurinn .....	29
7.3.3	Nýlenduvörumarkaður/bensínstöðvamarkaður .....	31
7.3.4	Markaður fyrir heildsölu bílavara .....	31
7.3.5	Markaður fyrir innflutning og heildsölu rekstrarvara .....	32
7.3.6	Markaður fyrir innflutning og heildsölu heilbrigðisvara .....	32
7.3.7	Markaður fyrir innflutning og heildsölu á gasi .....	33
7.3.8	Markaður fyrir innflutning og heildsölu á byggingavöru.....	33
7.3.9	Annað smávægilegt.....	33
7.3.10	Starfsemi félaga sem Olís á hlut í.....	33
8	KAFLI Upplýsingar um markaði .....	35
8.1	Áætluð heildarstærð markaða í fjárhæðum eða magni.....	35
8.1.1	Smásala eldsneytis - heildarstærð.....	35
8.1.2	Dagvörumarkaður - heildarstærð .....	36
8.1.3	Nýlenduvörumarkaður/Bensínstöðvamarkaður - heildarstærð .....	36
8.1.4	Markaður fyrir innflutning og heildsölu á rekstrarvörum - heildarstærð .....	36
8.1.5	Markaður fyrir innflutning og heildsölu á gasi – heildarstærð.....	36
8.1.6	Markaður fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila - heildarstærð.....	37
8.2	Markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna standur .....	37
8.2.1	Markaðshlutdeild í fjárhæðum .....	37
8.2.2	Markaðshlutdeild samrunaaðila og annarra .....	39
8.3	Áætluð markaðshlutdeild allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti tíu (10) prósent af markaðnum sem er til athugunar .....	45
8.4	Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings .....	45
8.5	Hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu .....	45
8.6	Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum .....	46
8.7	Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta .....	46
8.8	Sundurliðun á heildartekjum sem fram koma í ársreikningum eftir helstu vöruflokkum og/eða þjónustubáttum í starfsemi aðila. Sambærilega sundurliðun skal veita um magn (í einingafjölda) ef við á.....	48
8.9	Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila .....	52
9	KAFLI Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gættir.....	54
9.1	Fimm helstu sjálfstæðu birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum.....	54
9.1.1	Hagar – fimm helstu sjálfstæðu birgjar .....	54

9.1.2	Olís – fimm stærstu birgjar 2016.....	55
9.2	Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	58
9.3	Mat á afkastagetu síðastiðin þrjú ár.....	58
9.4	Aðrir þættir framboðs sem máli skipta.....	58
9.5	Tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir aðilanna á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og hlutfall sölu til þeirra.....	58
9.6	Eftirspurn á hverjum markaði.....	62
9.6.1	Þróun markaðarins.....	62
9.6.2	Vægi viðskiptavildar.....	63
9.6.3	Samþjöppun og dreifing neytenda.....	63
9.6.4	Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsing á dæmigerðum viðskiptavini.....	63
9.6.5	Vægi samninga um einkadreifingu og langtímasamningar.....	63
9.6.6	Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum o.fl.....	63
9.7	Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum?.....	64
9.8	Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völli á markaðinum?.....	64
9.9	Þættir sem áhrif hafa á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	65
9.9.1	Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaði.....	65
9.9.2	Aðgangshindranir í lögum og reglugerðum.....	65
9.9.3	Einkaleyfi.....	66
9.9.4	Nytjaleyfi.....	67
9.9.5	Vægi stærðarhagkvæmni.....	67
9.9.6	Aðgangur að birgðum og hráefni.....	67
9.9.7	Aðgangur að aðstöðu eða samstarfi til að geta veitt þjónustu.....	68
9.10	Vægi rannsókna og þróunar.....	68
9.11	Samstarfssamningar (láréttir og/eða lóðréttir) á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	69
9.12	Mikilvægustu samstarfssamningum sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti.....	69
9.13	Atvinnugreinasamtök sem samrunaaðilar tilheyra.....	71
10	KAFLI Áhrif á neytendur og milliliði.....	72
10.1	Hugsanleg áhrif fyrirhugaðs samruna á hagsmuni neytenda og milliliða og á þróun efnahags- og tækniframfara.....	72
10.1.1	Áhrif á dagvörumarkað.....	72
10.1.2	Áhrif á eldsneytismarkað.....	73

10.1.3	Áhrif á markað fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði .....	74
10.1.4	Samsteypuáhrif .....	74
10.1.5	Hagar eru ekki markaðsráðandi á dagvörumarkaði .....	76
10.1.6	Hagræðingarrök .....	82
11	KAFLI Viðbótartakmarkanir .....	82
12	KAFLI Yfirlýsing .....	82

## 1 KAFLI

### Stutt lýsing samruna

1. Með kaupsamningi, dags. 26. apríl 2017, hafa Hagar hf. (hér eftir einnig nefnt „Hagar“) skuldbundið sig til að kaupa og FISK-Seafood ehf. og Samherji hf., skuldbundið sig til að selja allt hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. (hér eftir einnig nefnt „Olís“ eða „félagið“).<sup>1</sup> Olís samanstendur af móðurfélaginu Olíuverzlun Íslands hf. ásamt dótturfélaginu Nafta ehf. og hlutdeildarfélagunum Abena Ísland ehf., Olíudreifingu ehf., Eldsneytisafgreiðslustöðinni á Keflavíkurflugvelli EAK ehf., Garði ehf., EBK ehf., Fjölveri ehf. Þá á Olís 14,5% í Vottunarstofunni Tún ehf., 2,4% í Capiter ehf., 2,65% í GoPro ehf. og 0,8% í CRI ehf. Með vísun til Olís eða félagsins í samrunaskrá þessari er almennt einnig átt við dóttur- og hlutdeildarfélag Olís eins og við á, nema annað sé tekið fram.
2. Með öðrum kaupsamningi, dags. 26. apríl 2017, hafa sömu aðilar skuldbundið sig til að kaupa og selja allt hlutafé í DGV ehf. (hér eftir nefnt „DGV“).<sup>2</sup> DGV samanstendur af móðurfélaginu DGV ehf. ásamt dótturfélaginu Rangá fasteignir ehf.
3. Eftir samruna munu Hagar eignast allt hlutafé í Olís og hluti Olís í dótturfélagum og hlutdeildarfélagum og yfirtaka þann rekstur sem félaginu tilheyrir. Með sama hætti munu Hagar eignast allt hlutafé í DGV og yfirtaka þann rekstur sem DGV tilheyrir. Ekki er um að ræða samruna að félagarétti.
4. Samruninn hefur ekki komið til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, en kaupsamningar eru gerðir með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

#### 1.1 Lýsing á starfsemi Haga

5. **Hagar** eru verslunarfyrtæki sem reka nú 48<sup>3</sup> verslanir innan 5 smásölufyrtækja og

---

<sup>1</sup> Sjá nánar afrit kaupsamnings á fylgiskjali 4.

<sup>2</sup> Sjá nánar afrit kaupsamnings á fylgiskjali 6.

<sup>3</sup> Verslanir eru nú 48 en ákvörðun hefur verið tekin um að fækka verslunum á sérvörusviði um 1.



4 vöruhús. Fyrirtæki Haga eru öll rekin sem sjálfstæð fyrirtæki og hafa ólík rekstrarform og ólíka menningu. Meginstarfsemi Haga er á sviði matvöru en innan þess eru verslunarkeðjurnar Bónus og Hagkaup, svo og stoðstarfsemi á sviði innkaupa og dreifingar. Um [ ]<sup>4</sup> af tekjum Haga eru vegna sölu á dagvöru. Auk þess starfrækja Hagar sérvörusvið innan Hagkaups og sérvöruverslanir með þekktum lífstíls- og tískuvörumerkjum. Verslanir og vöruhús Haga eru Bónus, Hagkaup, Aðföng, Bananar, Ferskar kjötvörur, Hýsing, Útilíf, Zara og Karen Millen.<sup>5</sup>

## 1.2 Lýsing á stafsemi Olís

6. Meginstarfsemi Olís er á sviði sölu orkugjafa og annarra rekstrarvara, svo sem smurolía, hreinsivara og efnavara svo og almennrar neysluvöru til fyrirtækja og einstaklinga. [ ]<sup>6</sup> af tekjum móðurfélagsins eru vegna sölu orkugjafa<sup>7</sup>. Olís rekur samtals 72 eldsneytisútsölastaði, 36 undir merkjum Olís, þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu og 36 sjálfsafgreiðslustöðvar undir merkjum ÓB. Veitingastaðir Grill 66 eru á 14 þjónustustöðva Olís og Quizno's á 13 þjónustustöðva Olís. Olís er einnig með samninga við aðila um smurþjónustu en um er að ræða einkarekna aðila og kemur Olís ekki að rekstri þeirra. Um er að ræða 12 aðila á höfuðborgarsvæðinu og 16 aðila á landsbyggðinni. Þá rekur Olís tvö vöruhús, annars vegar með m.a. smurolíur, rafgeyma, efna- og hreinsivörur og hins vegar með pappírs- og rekstrarvörur, undir heitinu Rekstrarland, en hægt er að panta allar vörur í gegnum söluver Olís. Fyrirtækjasala Olís og Rekstrarland selur einkum vörur til fyrirtækjarekstrar og býður m.a. heildarlausnir og veitir alhliða ráðgjöf varðandi hreinlæti í matvælaíðnaði, gerð þrifaáætlana, eftirliti með þrifum, val á tækjum, gæðaeftirliti o.s.frv.
7. Olís flytur inn smurolíur sem uppfylla allar ströngustu alþjóðakröfur og – staðla og

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál.

<sup>5</sup> Hagar munu hætta rekstri Karen Millen á árinu. Auk þess lokaði Debenhams-verslun Haga í janúar 2017, og verslanir Topshop og Dorothy Perkins í maí og ágúst sl.

<sup>6</sup> Trúnaðarmál.

<sup>7</sup>

býður upp á smuroliurannsóknir í gegnum alþjóðlegt þjónustunet samstarfsaðila. Einnig flytur Olís inn rekstrar- og hreinsivörur s.s. sótthreinsi- og viðhaldsefni auk mikið úrval af pappírsvörum, hreinlætisáhöld, efnavörur, heilbrigðisvörur, bílavörur, gas og byggingavörur.

8. Olís sér um eigin innflutning á eldsneyti en helsti birgir félagsins er Statoil. Statoil geymir eldsneyti í birgðatönkum sem það leigir af Olíudreifingu ehf. (hlutdeildafélagi Olís). Unioil er birgir fyrir svartolíu sem er geymd í birgðatönkum ODR en ekki er um eiginlegt „tollvörugeymslu“fyrirkomulag að ræða í geymslu á þessari vöru. Olíudreifing ehf. sinnir allri dreifingu eldsneytisins auk þess að sinna öðrum verkefnum sem tengjast viðhaldi, uppbyggingu og tækniþjónustu eigna.

### 1.3 Lýsing á stafsemi DGV

9. Meginstarfsemi DGV er rekstur, eign og leiga atvinnuhúsnæðis.
10. Hagar, Olís og DGV starfa á aðskildum mörkuðum, fyrir dagvöru, sölu eldsneytis og fyrir leigu atvinnuhúsnæðis, sbr. framangreint. Olís selur einnig nýlenduvörur en samkvæmt fyrri markaðsskilgreiningum Samkeppniseftirlitsins telst það ekki sem hluti af dagvörumarkaðnum. Vikið verður nánar að því í kafla 7. Því er um samsteypusamruna að ræða, sbr. síðari umfjöllun.
11. Samrunaaðilar telja að samruninn hindri ekki samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist á neinum þeirra markaða sem um ræðir, né verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga. Því séu ekki lagaskilyrði til íhlutunar í samrunann. Samrunaaðilar telja að samruninn muni á ýmsan hátt hafa jákvæð áhrif á viðkomandi markaði hér á landi. Nánar er fjallað um það í 10. kafla hér á eftir.

## 2 KAFLI

### Grunnupplýsingar um samrunaaðila

12. Aðilar samrunans eru:

**Hagar hf.**

Kt. 670203-2120

Hagasmára 1

201 Kópavogi

**Olíuverzlun Íslands hf.**

Kt. 500269-3249

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

**DGV ehf.**

Kt. 411009-2110

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

13. Seljendur:

**FISK-Seafood ehf.**

Kt. 461289-1269

Háeyri 1

550 Sauðárkróki

**Samherji hf.**

Kt. 610297-3079

Glerárgötu 30

600 Akureyri

14. Samkvæmt samþykktum Haga er tilgangur félagsins verslunarrekstur, eignaumsýsla, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfssemi, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur.
15. Samkvæmt samþykktum Olís er tilgangur félagsins verslun, aðallega með olíu og olíuafurðir, en jafnframt bæði smásala og heildsala með hverskyns aðrar vörur, rekstur fasteigna, skipa og annar atvinnurekstur og þátttaka í atvinnurekstri samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar.

16. Samkvæmt samþykktum DGV er tilgangur félagsins rekstur, eign og leiga fasteigna, kaup og sala hlutabréfa, sem og annarra verðbréfa svo og lánastarfsemi.
17. Tilkynning þessi er send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunaaðilar óska þess að trúnaðar verði gætt um þann hluta samrunaskrár sem merkt er sem trúnaðarmál og einnig um fylgiskjöl hennar, sbr. 17. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005.
- 18.

**Tengiliðir Haga eru:**

Jóna Björk Helgadóttir hrl.  
Unnur L. Hermannsdóttir hdl.  
Landslög – lögfræðistofa  
Borgartún 26  
105 Reykjavík  
Netfang: [jonabjork@landslog.is](mailto:jonabjork@landslog.is)  
  
[unnur@landslog.is](mailto:unnur@landslog.is)<sup>8</sup>

**Tengiliður Olís og DGV**

**er:**

Jón Ólafur Halldórsson  
forstjóri  
  
Katrínartún 2  
105 Reykjavík  
Netfang: [jh@olis.is](mailto:jh@olis.is)

**Tengiliður FISK Seafood er:**

Jón Eðvald Friðriksson  
Framkvæmdastjóri  
Háeyri 1  
550 Sauðárkrókur  
Netfang: [jonedvald@fisk.is](mailto:jonedvald@fisk.is)

---

<sup>8</sup> Þess er óskað að SE beini fyrirspurnum á báða tengiliði Haga og eftir atvikum á bæði netföngin.

**Tengiliður Samherja er:**

Baldvin Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri  
viðskiptaþróunar

Vatnsstíg 21

101 Reykjavík

Netfang: [baldvin@samherji.is](mailto:baldvin@samherji.is)

### 3 KAFLI

#### Upplýsingar um samrunann

##### 3.1 Aðdragandi samrunans

19. Í upphafi árs 2016 voru hluthafar Olís og DGV fjórir, Samherji hf., FISK-Seafood ehf., Einar Benediktsson og Gísli Baldur Garðarsson en fyrr á þessu ári (2017) eignuðust hinir tveir fyrstnefndu hluthafar allt hlutfé félaganna. Seljendur Olís og DGV eru því FISK-Seafood ehf. og Samherji hf. Kaupsamningar voru undirritaðir milli Haga annars vegar og Samherja hf. og FISK-Seafood ehf. hins vegar þann 26. apríl 2017, um Olís annars vegar og DGV hins vegar, með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir samrunanum. Hinn 13. júlí 2017 voru viðaukar við kaupsamningana undirritaðir, þar sem fallið var frá fyrirvörum um niðurstöðu áreiðanleikakannana.

##### 3.2 Markmið samrunans

20. Markmið samrunans er að víkka út starfsemi Haga sem fyrir var, þannig að unnt verði að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri og bættri þjónustu við viðskiptavinum félaganna, m.a. í nýju og breyttu markaðsumhverfi með innkomu verslanarisans Costco inn á íslenskan dagvöru- og olíumarkað, sem hóf starfsemi í maí 2017.
21. Með samruna Haga og Olís getur myndast öflugt félag með fjölbreytt úrval matvæla og olíuvara sem neytendur munu njóta góðs af. Ljóst er að fyrirtækið verður í samkeppni við öfluga aðila á báðum þessum mörkuðum þar sem samkeppni hefur eflst að undanförunu, sem og krafa neytenda um hagkvæmari rekstur.
22. Með samrunanum skapast möguleikar á samlegðaráhrifum. Helstu samlegðarmöguleikar felast í lækkun á skrifstofu- og stjórnendakostnaði Olís með samnýtingu á ýmsum sviðum og mögulegri hagræðingu á húsnæðiskostnaði, flutningskostnaði og innkaupakostnaði. Auk þess skapast möguleikar á betri

innkaupum og hagkvæmari rekstri vöruhúsa, sem eru forsendur lægra vöruverðs til viðskiptavina. Samruninn mun gefa aukið tækifæri á því að færa lægra vöruverð víðar um landið vegna dreifðrar starfsemi Olís, sem er mikilvægur neytendaábatí fyrir hinar dreifðu byggðir.

23. Samruninn styrkir því rekstur Haga og Olís og mun hafa í för með sér samlegðaráhrif, sem styður við tilurð öflugis fyrirtækis á markaði, sem getur boðið upp á fjölbreytt úrval matvæla og olíuvara í samkeppni við öfluga aðila á þeim markaði, neytendum til hagsbóta.

### 3.3 Eðli samrunans

24. Um er að ræða kaup á 100% eignarhlut í yfirteknum félögum. Ekki er um að ræða samruna að félagarétti. Fyrirtækið Olís mun, a.m.k. fyrst um sinn, vera starfandi á markaði fyrir olíu og olíuvörur, smásölu og heildsölu með hvers kyns aðrar vörur, svo sem rekstrarvörur, byggingarvörur, heilbrigðisvörur og rafgeyma. Fyrirtækið DGV mun, a.m.k. fyrst um sinn, eiga og leigja út atvinnuhúsnæði í eigu félagsins. Olís og DGV verða eftir sem áður reknar sem sjálfstæðar efnahags- og fjárhagslegar einingar.
25. Ekki verður hafist handa við framkvæmd samrunans fyrr en samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir.
26. Eignarhald á hinum yfirteknu félögum eftir samrunann verður með þeim hætti að Hagar munu eiga 100% hlutafjár í báðum félögum. Stærstu hluthafar Haga eru Gildi lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild, Lífeyrissjóður verslunarmanna, Birta lífeyrissjóður og Stefnir – ÍS 15. Aðrir hluthafar eiga minna en 5,0% hlut í félaginu.
27. Aðilar samrunans hafa ekki notið opinberrar fjárhagsaðstoðar við rekstur félaganna í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um samkeppnishamlandi ríkisaðstoð.

### 3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

28. Þau fyrirtæki sem samruninn tekur til starfa aðallega á eldsneytismarkaðnum annars vegar og á dagvörumarkaði hins vegar, auk þess að sinna stoðstarfsemi því tengt á sviði innkaupa og dreifingar. Þá starfa Hagar á markaði fyrir smásölu á útvistar- og tískuvörum. Olís selur einnig nýlenduvörur<sup>9</sup> og skyndibita á þjónustustöðvum sínum auk bílavara en Olís selur einnig rekstrarvörur og heilbrigðisvörur undir nafninu Rekstrarland. DGV á og leigir fasteign.
29. Nánar verður fjallað um markaði málsins í 7. kafla.

### 3.5 Kaupverð hins keypta eða umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru eftir eðli samrunans

30. [ ]<sup>10</sup> Nánar er kveðið á um kaupverðið í kaupsamningi á fylgiskjali 4.
31. [ ]<sup>11</sup> Nánar er kveðið á um kaupverðið í kaupsamningi á fylgiskjali 6.

### 3.6 Upplýsingar um veltu síðast liðið reikningsár

32. Velta **Haga-samstæðunnar** rekstrarárið 2016-17 var kr. 80.521 milljónir skv. ársreikningi. Hagar hafa enga veltu á erlendum mörkuðum.
33. Velta **Olís** árið 2016 var kr. 30.973 milljónir skv. ársreikningi. Olís hefur enga veltu á erlendum mörkuðum. Þar sem dótturfélagið Nafta ehf. er ekki með rekstur er ekki gert samstæðuuppgjör. Velta hlutdeildarféлага Olís, og annarra félaga sem Olís á hlut í var eftirfarandi árið 2016:

---

<sup>9</sup> Hugtakið nýlenduvörur er notað í vöruflokkun Olís. Verður það hugtak almennt notað í samrunaskrá þessari til aðgreiningar frá skilgreindum markaði fyrir smásölu á dagvörum.

<sup>10</sup> Trúnaðarmál.

<sup>11</sup> Trúnaðarmál.



Félag	Velta 2016	Eignarhlutur Olís
Abena Ísland ehf.	Engar tekjur	45%
EAK ehf.	531.910.805 kr.	33,33%
Garður ehf.	4.741.748 kr.	35,25%
EBK ehf.	121.315.516 kr.	25%
Fjölver ehf.	74.310.828 kr.	33,33%
Vottunarstofan Tún ehf.	79.811.276 kr.	14,49%
Capiter ehf.	5.400.000 kr.	2,44%
GoPro ehf.	566.456.230 kr.	2,65%
CRI ehf.	124.719.000 kr.	0,80%
Olíudreifing	3.678.775.103 kr.	40%

34. Abena Ísland ehf. hefur engan rekstur með höndum, svo sem taflan ber með sér. Hins vegar fær Olís hlutdeild af hagnaði af vörusölu og er hún tiltekin með veltu Olís. Velta vegna vörusölu á Abena vörum var [ ]<sup>12</sup> á árinu 2016 en Olís og Abena AS, skipta hagnaði af þeirri vörusölu á milli sín þannig að Olís fær 55% hagnaðar í sinn hlut en Abena AS 45% hagnaðar. Hlutdeild Abena AS í hagnaðinum nam [ ]<sup>13</sup> á árinu 2016.
35. Velta DGV árið 2016 var 68 millj. kr. skv. ársreikningi. DGV hefur enga veltu á erlendum mörkuðum.

### 3.7 Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif, viðskiptalegu forsendur samrunans

36. Í kafla 3.2 var lýst helstu markmiðum aðila með samrunanum.
37. Með því að sameina rekstur Haga og Olís er möguleiki á að ná fram hagræðingu í rekstri. Ljóst er að hægt er að samnýta kostnað á ýmsum sviðum tengdum skrifstofu- og stjórnendakostnaði, svo sem launakostnaði, bókhaldi,

<sup>12</sup> Trúnaðarmál.

<sup>13</sup> Trúnaðarmál.

sérfræðikostnaði, leigukostnaði og öðrum kostnaði. Einnig getur skapast möguleg hagræðing í húsnæðiskostnaði, flutningskostnaði og innkaupakostnaði og hagkvæmari rekstri miðlægra vöruhúsa.

38. {

}<sup>15</sup>

39. Viðskiptalegar forsendur samrunans felast því einkum í samlegðaráhrifum sem samruninn býður upp á, sem aðilar telja að geti skilað sér hratt til neytenda, ekki síst í breyttu samkeppnisumhverfi.
40. Áætlanir Haga gera þannig ráð fyrir að bæta bensínstöðvabúðir með því að bjóða upp á lægra verð og bæta þannig samkeppnisaðstöðu verslananna.
41. Olís á samtals 76 fasteignir<sup>16</sup> og leyfilegt byggingarmagn á lóðum félagsins er um 36 þúsund fm. Alls á félagið sjö óbyggðar lóðir. Hins vegar er einungis mögulegt að nýta fimm af lóðunum til byggingar. Í fyrsta lagi er um að ræða lóð að Klettagörðum 7 í Reykjavík þar sem leyft byggingarmagn er 14.050 fm. Ráðgert hefur verið að nýta lóðina undir vöruhús og skrifstofur en sú nýting liggur til grundvallar samþykkt á aukinni nýtingu lóðarinnar, frá ágúst sl. Í öðru lagi lóð að Kirkjubrú á Álftanesi þar sem leyfilegt byggingarmagn er 2.713 fm. Í þriðja lagi lóð að Lundi í Kópavogi þar sem leyfilegt byggingarmagn er 1.757 fm. {

}<sup>17</sup>. Í fjórða

---

<sup>14</sup> Með samnýtingu lagers, samnýtingu á fjármálasviði, neytendasviði og starfsmannasviði.

<sup>15</sup> Trúnaðarmál.

<sup>16</sup> Það athugast að fastanúmer eru fleiri, sjá yfirlit á fylgiskjali 28.

<sup>17</sup> Trúnaðarmál.

lagi lóð að Austurvegi 16 í Mýrdalshreppi þar sem leyfilegt byggingarmagn er 800 fm. Loks lóð að Vesturtanga 18 þar sem leyft byggingarmagn er um 600 fm.

42. Loks eru ónýttir byggingarréttir á fjórum lóðum í eigu Olís. Í fyrsta lagi að Skúlagötu 7-9 í Reykjavík þar sem ónýttur byggingarréttur nemur 752 fm. [

]¹⁸ Í öðru lagi að Fjallkonuvegi 1 í Reykjavík þar sem ónýttur byggingarréttur nemur 159 fm. Í þriðja lagi að Álfabakka 7 í Reykjavík þar sem ónýttur byggingarréttur nemur 5 fm. Loks að Hnjúkabyggð 34 á Blönduósi þar sem til stendur að breyta skipulagi sem mun leiða til þess að leyft byggingarmagn mun nema 840 fm. samkvæmt byggingarfulltrúa.

43. Samruninn mun þannig hafa í för með sér takmarkaða, en einhverja möguleika á uppbyggingu verslana og/eða afgreiðslustöðvum eldsneytis á nýjum staðsetningum.<sup>19</sup>

---

<sup>18</sup> Trúnaðarmál.

<sup>19</sup> Fermetrafjöldi og leyfilegt byggingarmagn hefur breyst frá því kynning Arcticar var tekin saman vegna sölu lóðar og ákvarðana á vegum sveitarfélaga.

## 4 KAFLI

### Eignarhald og yfirráð

#### 4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti

44. Hluthafalisti yfir 10 stærstu hluthafa í Högum 17. september 2017:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Gildi-lífeyrissjóður	12,95%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,24%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	7,16%
Birta lífeyrissjóður	5,48%
Stefnir – ÍS 15	5,16%
Stapi lífeyrissjóður	4,78%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	3,53%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,28%
Landsbréf – Úrvalsbréf	3,12%
Festa – lífeyrissjóður	2,93%
<b>Samtals 10 stærstu</b>	<b>58,63%</b>

45. Í stjórn Haga sitja:

Nafn stjórnarmanns	Staða
Kristín Friðgeirsdóttir	Stjórnarformaður
Erna Gísladóttir	
Sigurður Arnar Sigurðsson	Varaformaður
Stefán Árni Auðólfsson	

46. Hluthafalisti yfir hluthafa í Olís:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Fisk Seafood ehf.	50%
Samherji hf.	50%

47. Í stjórn Olís sitja:

Nafn stjórnarmanns	Staða
Baldvin Þorsteinsson	Stjórnarformaður
Jóhann Ásgeir Baldurs	
Heiðrún Emilía Jónsdóttir	

48. Hluthafalisti yfir hluthafa í DGV:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Samherji hf.	50%
FISK Seafood ehf.	50%

49. Í stjórn DGV sitja:

Nafn stjórnarmanns	Staða
Einar Benediktsson	Stjórnarformaður
Baldvin Þorsteinsson	
Jón Ólafur Halldórsson	

50. FISK Seafood ehf. er að fullu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. [

]20

51. Hluthafalisti yfir hluthafa í Samherja hf:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Eignarhaldsfélagið Steinn <sup>21</sup>	36,1%
Kristján V. Vilhelmsson	35,7%
Fjárfestingafélagið Fjörður ehf. <sup>22</sup>	14,8%
Bliki ehf. <sup>23</sup>	11,7%

<sup>20</sup> Trúnaðarmál.

<sup>21</sup> Þorsteinn Már Baldvinsson á 51% eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Steini og Helga Steinunn Guðmundsdóttir 49% eignarhlut.

<sup>22</sup> Kristján Vilhelmsson á 50% eignarhlut í Fjárfestingafélaginu Firði og Eignarhaldsfélagið Steinn ehf. á 50%.

<sup>23</sup> FramInvest Sp/f á 27,5% í Blika, Gestur Geirsson á 6,10%, Guðundur Þ. Jónsson á 5,50%, Stefán Þór Ingvason á 5,50%, Jón Kjartan Jónsson á 5,50%, Arngrímur Brynjólfsson á 5,50%, Baldvin Gústaf Baldvinsson á 5,5% í gegnum hluthafann Raben ehf., Hlynur Veigarsson á 5,20%, Andrea Vikarsdóttir

Kolbrún Ingólfssdóttir	1,1%
Rakel Olsen	0,4%
Baldvin Þorsteinsson	0,1%
Katla Þorsteinsdóttir	0,1%

Aðrir hluthafar eiga undir 0,1% en um er að ræða fjóra einstaklinga<sup>24</sup>.

**4.2 Fyrirtæki sem stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum samrunaaðila og/eða annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 4.1**

52. Hagar fara ekki með yfirráð, hvorki beint né óbeint, yfir fyrirtæki á þeim mörkuðum sem Olís starfar á.
53. Þá fer Olís ekki með yfirráð yfir fyrirtækjum sem starfa á þeim mörkuðum sem Hagar starfa á. Hins vegar á Kaupfélag Skagfirðinga, 100% hlut í FISK Seafood ehf., sem á aftur 50% hlut í Olís og DGV, sbr. nánari umfjöllun í kafla 4.3.

**4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf sem aðilar að samruna kunna að eiga í við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, ásamt afritum af öllum samningum og öðrum gögnum sem kunna að tengjast þessu samstarfi**

54. Ekki er um að ræða viðskiptalegt samstarf milli aðila á dagvörumarkaði eða öðrum mörkuðum sem Hagar starfa á.
55. Samrunaaðilar hafa átt lítil sem engin lóðrétt viðskipti. Olís selur Hagkaupum og Aðföngum vörur en viðskipti hafa verið í lágmarki. Það sem af er ári eru viðskiptin um [ ]<sup>25</sup> Nánari sundurgreining viðskiptanna er á fylgiskjali 27. Hagkaup og Aðföng hafa tekið inn lítið magn af Bambo bleium til endursölu í tilraunaskyni og lítið eitt af flugnaeitri. Einnig hafa Aðföng keypt gas sem er notað til þess að grilla

---

á 3,35% í gegnum hluthafann Dorf ehf., Óskar Ævarsson á 3,35% í gegnum hluthafann Dorf ehf., Harpa Ágústsdóttir á 3,35% í gegnum hluthafann Moshvol ehf. og Haraldur Grétarsson á 3,35% í gegnum hluthafann Moshvol ehf. Aðrir endanlegir eigendur eiga 20,30%.

<sup>24</sup> Óskar Magnússon, Huldu Emilsdóttur, Hjörvar Hafliðason, Heiðrúnu Hafliðadóttur.

<sup>25</sup> Trúnaðarmál.

kjúklinga og einnig eru keyptar rekstrarvörur til eigin nota, svo sem hnífar o.fl.

56. Kaupfélag Skagfirðinga<sup>26</sup>, móðurfélag FISK Seafood ehf., selur samstæðu Haga vörur, og einnig Vogabær ehf. og Mjólka ehf.<sup>27</sup> sem eru í 100% eigu Kaupfélags Skagfirðinga og sláturhús KVH sem er í 50% eigu Kaupfélags Skagfirðinga á móti Kaupfélagi vestur-Húnavetninga. Um viðskipti Haga árið 2016 vísast nánar til eftirfarandi töflu. Samtala sölu til Bónus, Hagkaups og Aðfanga er tekin saman sem „Hagar verslanir“. Allar tölur eru í krónum.

57. [


] <sup>28</sup>

58. Aðföng selja Kaupfélagi Skagfirðinga vörur en þau viðskipti námu á árinu 2016 [ ] <sup>29</sup>

59. [

] <sup>31</sup>

60. Við kaup á lóðunum Kjarnagata 2, Akureyri og Smiðjuvöllum 32, Akranesi tóku Hagar yfir leigusamninga við Skeljung um lóð undir bensíndælur, sbr. fylgiskjöl nr. 22 og 23.

<sup>26</sup> Kaupfélag Skagfirðinga er með sína helstu starfsemi á sviði kjötframleiðslu, mjólkurframleiðslu, fóðurframleiðslu, verslunarrekstrar, sjávarútvegs, rekstrar bíla- og vélaverkstæðis og vöruflutninga.

<sup>27</sup> Vogabær ehf. og Mjólka ehf. framleiða vörur sem seldar eru um land allt og eru jafnframt fluttar út til Færeyja. Vogabær framleiðir fimm tegundir af ídýfum, majones og yfir 40 tegundir af sósum. Mjólka framleiðir 35 vörutegundir þar á meðal fetaost, sýrðan rjóma, jógúrt og skyr.

<sup>28</sup> Trúnaðarmál.

<sup>29</sup> Trúnaðarmál.

<sup>30</sup> Samningur dagsettur 30. ágúst 2017.

<sup>31</sup> Trúnaðarmál.

61. Olís á eignarhluti í fyrirtækjum á eldsneytismarkaði sem hér segir:
- a. Olíudreifing (40%)
  - b. Eldsneytisafgreiðslustöðin á Keflavíkurflugvelli EAK ehf. (33,3%)
  - c. EBK ehf. (25%)
  - d. Fjölver ehf. (33,3%)
62. Olís á 40% hlut í **Olíudreifingu** ehf., kt. 660695-2069, á móti N1, sem á 60% hlut en stjórnunaráhrif eru þó jöfn, sbr. ákvæði í hluthafasamkomulagi. Ótengdir aðilar sitja í stjórn félagsins sem eru að öllu leyti óháðir yferráðum Olís en félagið starfar samkvæmt undanþágu frá samkeppnislögum og er stjórnarseta í félaginu því skilyrt. Hlutverk Olíudreifingar ehf. er að dreifa eldsneyti fyrir móðurfélög á sem hagkvæmastan hátt auk þess að sinna margvíslegri tækniþjónustu (dæluviðgerðir, sjálfsalaviðgerðir, viðgerðir og viðhald viðskiptamannatanka o.fl.), rekstur birgðastöðva, rekstur olíubáts o.fl. Olís á í formlegu viðskiptalegu samstarfi við Olíudreifingu ehf. og liggja samþykktir Olíudreifingar ehf. til grundvallar sem og hluthafasamkomulag milli hluthafa. Þjónusta Olíudreifingar ehf. við Olís fer eftir gjaldskrá Olíudreifingar eða tilboðum í ákveðna verkþætti sem Olís óskar formlega eftir að Olíudreifing ehf. sjái um fyrir Olís.
63. Olís sér um eigin innflutning á eldsneyti þar sem birgðir eru að stærstum hluta geymdar í tollfrjálsum birgðageymslum á fimm stöðum í landinu. Helsti birgir félagsins, Statoil, leigir pláss í birgðageymslu af Olíudreifingu ehf. Olís kaupir í hverri viku eldsneyti af Statoil yfir í birgðatanka sem Olíudreifing ehf. rekur, og þaðan dreifir Olíudreifing ehf. fyrir hönd Olís eldsneytinu beint til viðskiptavina eða á eldsneytisstöðvar Olís um land allt. Olís ræður allri þessari virðisikeðju, með þeirri undantekningu, að Olís hefur ekki yferráð yfir Olíudreifingu ehf. sbr. fyrri umfjöllun, en þjónusta Olíudreifingar ehf. við Olís er eftir beiðni frá Olís.
64. Olís á 33,3% hlut í **Fjölveri** ehf., kt. 530183-0179. Fjölver er rannsóknarstofa í eigu Olís, N1 og Skeljungs að jöfnu (33,3%) sem sér um efnagreiningar á olíusýnum úr förmum fluttum til landsins ásamt tilfallandi sýnatöku og rannsóknum á eldsneyti og olíuvörum.



65. Auk þess er Olís með 25% eignarhlut í EBK ehf. Í samstarfi við N1, Skeljung og Icelandair sér Olís um rekstur birgðastöðvar EBK ehf. á Keflavíkurflugvelli. Einnig er félagið með 33,3% eignarhlut í rekstri flugeldsneytisafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli EAK í samstarfi við N1 og Skeljung. Ekki er um að ræða frekara samstarf samrunaaðila eða annarra er starfa á þeim mörkuðum sem um ræðir.

## 5 KAFLI

### Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

#### 5.1 Öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum sem áhrifa gætir

66. Hvorki samrunaaðilar né þeir aðilar sem fara með yferráð samrunaaðila, beint eða óbeint, fara með yfir 10% atkvæðisréttar í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum, þar sem áhrifa gætir.<sup>32</sup>

#### 5.2 Stjórnarmenn sem eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis á mörkuðum sem áhrifa gætir

67. Stjórnarmenn í **Högum** sitja ekki í stjórnnum annarra fyrirtækja sem reka starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa samrunans gætir.

68. Stjórnarmenn í **Olís** og **DGV** sitja ekki í stjórnnum annarra fyrirtækja, utan samstæðu Olís, sem reka starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa samrunans gætir. Sömu stjórnarmenn sitja þó að hluta til í stjórnnum fyrirtækja innan samstæðu Olís eða DGV.

#### 5.3 Yfirtökur á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samruna gætir

69. **Hagar** hafa ekki á síðustu þremur árum tekið yfir fyrirtæki sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

70. **Olís** hefur ekki á síðustu þremur árum tekið yfir fyrirtæki sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

---

<sup>32</sup> Miðað við hluthafalista N1 þann 14/9 17 á Lífeyrissjóður verslunarmanna 13,3% í N1, aðrir eiga undir 10%. Enginn á yfir 10% í Skeljungu sem einnig á í Högum. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðra óskráða aðila.

## 6 KAFLI

### Fylgiskjöl

71. Meðfylgjandi samrunatilkynningu þessari eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Umboð vegna Haga dags. 15. maí 2017
2. Yfirlýsing tengiliðar Olís, dags. 8. ágúst 2017
3. Afrit af greiðslukvittun v samrunagjalds dags. 3. ágúst 2017
4. Undirritaður kaupsamningur um Olís, dags. 26. apríl 2017 Trúnaðarmál
5. Viðaukasamningur, dags. 13. júlí 2017 Trúnaðarmál
6. Undirritaður kaupsamningur um DGV, dags. 26. apríl 2017 Trúnaðarmál
7. Viðaukasamningur, dags. 13. júlí 2017 Trúnaðarmál
8. Ársreikningur Haga fyrir rekstrarárið 2014-2015
9. Ársreikningur Haga fyrir rekstrarárið 2015-2016
10. Ársreikningur Haga fyrir rekstrarárið 2016-2017
11. Ársreikningur Olís fyrir rekstrarárið 2014
12. Ársreikningur Olís fyrir rekstrarárið 2015
13. Ársreikningur Olís fyrir rekstrarárið 2016
14. Ársreikningur DGV fyrir rekstrarárið 2014
15. Ársreikningur DGV fyrir rekstrarárið 2015
16. Ársreikningur DGV fyrir rekstrarárið 2016
17. Ársreikningur Olíudreifingar 2014
18. Ársreikningur Olíudreifingar 2015
19. Ársreikningur Olíudreifingar 2016
20. Sundurliðun á nýlendum Olís, 2014, 2015 og 2016 Trúnaðarmál
21. Yfirlit yfir húsnæði í eigu Haga
22. Leigusamningur vegna Kjarnagötu 2, Akureyri Trúnaðarmál
23. Leigusamningur vegna Smiðjuvalla 32, Akranesi Trúnaðarmál
24. Sundurliðun 20 stærstu viðskiptavina Olís Trúnaðarmál
25. Samanburður í sölu verslana Haga tilt. tímabil 2016 og 2017 Trúnaðarmál
26. Þrjár kynningaglærur vegna viðskiptanna, sbr. 6.3/ 6.4 Trúnaðarmál
27. Viðskipti Olís og Hagkaupa og Aðfanga 2017 Trúnaðarmál
28. Yfirlit yfir fasteignir og leigusamninga Olís Trúnaðarmál

## 7 KAFLI

### Skilgreiningar á mörkuðum

72. Starfsemi þeirra félaga sem hér eru til umfjöllunar er í aðalatriðum lýst í 1. kafla samrunaskrár þessarar. Samrunaaðilar eru Hagar, Olís og tengd félög og DGV, en þessir aðilar starfa á aðskildum mörkuðum, fyrir dagvörur, fyrir eldsneyti, leigu atvinnuhúsnæðis, nýlenduvörumarkaður/bensínstöðvamarkaður, fyrir heildsölu bílavara, fyrir innflutning og heildsölu rekstrarvara, fyrir innflutning og heildsölu heilbrigðisvara, fyrir innflutning og heildsölu á gasi og á markaði fyrir innflutning og heildsölu á byggingarvöru. Hér á eftir fara upplýsingar um þá markaði.

#### 7.1 Markaðir þar sem áhrifa gætir

73. Áhrifa samrunans gætir ekki nema að mjög óverulegu leyti á neinum hinna skilgreindu markaða í skilningi reglna nr. 684/2008 eins og hugtökin eru þar skilgreind. Samrunaaðilar starfa aðallega á aðskildum mörkuðum, stunda ekki viðskipti á sömu mörkuðum né heldur mörkuðum sem eru lóðrétt tengdir, nema að mjög óverulegu leyti. Báðir aðilar leigja hins vegar út atvinnuhúsnæði til óskyldra aðila, þó í litlu magni sé. Því er aðallega um svokallaðan samsteypusamruna (e. conglomerate merger) að ræða varðandi þá meginmarkaði sem samrunaaðilar starfa á, sem eru markaðir fyrir eldsneyti annars vegar og dagvörumarkaður hins vegar. Verður gerð grein fyrir þeim mörkuðum hér að neðan í kafla 8, auk annarra markaða sem samrunaaðilar starfa á hvor fyrir sig.

##### 7.1.1 Markaður fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila

74. Meginstarfsemi DGV er leiga atvinnuhúsnæðis en DGV á eina fasteign að Fiskislóð 1, Reykjavík. Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint markað fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila sem sérmarkað, sbr. einkum ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 45/2008, Eignarhald Stoða Eignarhaldsfélags hf. (áður FL Group) í Landic Property ehf. og Þyrpingu hf., sbr. t.d. einnig ákvörðun nr. 9/2017,

auk ákvarðana sem þar er vísað til.<sup>33</sup> Í ákvörðuninni kemur jafnframt að samanlagt séu fasteignafélögin Reitir, Reginn og Eik með þórrann af markaðnum fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila.

75. Starfsemi Haga fer að mestu fram í leiguhúsnæði en þó á félagið 11 fasteignir, sbr. fylgiskjal 21. Þar af er ein fasteign (Stekkjarbakki 4-6) leigð út til ótengdra aðila auk þess sem verslunarrými í þremur öðrum fasteignum Haga eru leigð út. Ætla má að heildarfjöldi fm. sem Hagar leigja út til ótengdra aðila sé um [ ].<sup>34</sup>
76. Starfsemi Olís fer að langmestu leyti fram í eigin húsnæði Olís. Olís er þó leigutaki að 17 fasteignum sem í flestum tilvikum eru leigðar undir sjálfsafgreiðslustöðvar ÓB eða lager/geymslu en einnig leigir Olís m.a. skrifstofuhúsnæði í byggingu H1, Höfðatorgi og vöruhús með skrifstofurými að Súðarvogi 2E og F og að Vatnagörðum 10, Reykjavík, en verslun Rekstrarlands er einnig hýst í húsnæðinu að Vatnagörðum. Olís leigir eingöngu húsnæði til tengdra aðila, þ.e. aðila sem eru í samstarfi við Olís í tengslum við eldsneytissölu Olís eða sölu Olís á bílavörum, svo sem smurolíum o.fl. Heildarfermetrafjöldi eigna sem Olís leigir út eru [ ]<sup>35</sup>, þar af eru eignir á Keflavíkurflugvelli 720 fm. en þær eru í sameiginlegri eigu Olís, Skeljungs, N1 og Icelandair. Sjá nánari sundurliðun eigna og efni leigusamninga á fylgiskjali 28.

#### 7.1.2 Markaðir þar sem lóðrétt viðskipti milli samrunaaðila eiga sér stað

77. Þau lóðréttu viðskipti sem um ræðir nema samtals í kringum [ ]<sup>36</sup> það sem af er ári. Þar af nemur sala Olís til Hagkaups á gasi um

---

<sup>33</sup> DGV á félagið Rangá fasteignir ehf. Tilgangur félagsins er sá hinn sami og DGV en dótturfélagið á þó engar fasteignir þegar þetta er ritað en gert er ráð fyrir því að félagið eignist tvær fasteignir á Hellu, annars vegar Suðurlandsveg 2/Rangárbakki 1, Hellu, fastanr. 228-9179, 382 fm. bygging þar sem leyft byggingarmagn er að fullu nýtt. Hins vegar Suðurlandsveg 4/Rangárbakka 3, Hellu, fastanr. 228-6176, samtals 393 fm. bygging og er leyft byggingarmagn að fullu nýtt.

<sup>34</sup> Trúnaðarmál.

<sup>35</sup> Trúnaðarmál.

<sup>36</sup> Trúnaðarmál.

J<sup>37</sup>, sjá nánar umfjöllun um markað fyrir heildsölu á gasi í kafla 7.3.7.

78. Annað er smávægilegt en um er að ræða heildsölu á rekstrarvörum, sem nánar er fjallað um í kafla 7.3.5, þar sem Olís selur Hagkaup og Aðföngum bleiur, blautþurrkur, grisjur, hnífsblöð, álform, álbakka og vinnuhanska. Á öðrum mörkuðum, sjá umfjöllun í kafla 7.3.9, selur Olís Hagkaup gasgrill.

## 7.2 Markaðir skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir

79. Samrunaaðilar stunda ekki viðskipti á mörkuðum sem samruninn snertir og eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

## 7.3 Markaðir þar sem að áhrifa gætir ekki

80. Markaðssvæði samrunaaðila er landið allt og landfræðilegir markaðir málsins því Ísland.

### 7.3.1 Eldsneytismarkaðurinn

81. Samkeppnisyfirvöld hafa fjallað um eldsneytismarkaðinn í fyrri ákvörðunum sínum og frummatsskýrslu eftirlitsins nr. 2/2015 frá 30. nóvember 2015. Í frummatsskýrslunni var eldsneytismarkaðnum skipt upp í fjögur stig, þ.e. í fyrsta lagi innflutning og heildsölu, í öðru lagi birgðahald, í þriðja lagi dreifingu og í fjórða lagi smásölu. Olís og tengd félög starfa á öllum stigum markaðarins.

#### 7.3.1.1 Innflutningur og heildsala

82. Starfsemi á markaði fyrir innflutning og heildsölu eldsneytis felst einkum í samskiptum og samningum við erlenda birgja eða framleiðendur eldsneytis um kaup á ýmsum tegundum eldsneytis til landsins. Heildsala eldsneytis felst í því að selja eldsneyti, oft í stærri skömmtum, til smásala. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er markaði fyrir innflutning og heildsölu eldsneytis skipt upp í nokkra meginflokka, sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni. Ekki er þörf á að fjalla frekar um þá í samrunatilkynningu þessari.

---

<sup>37</sup> Trúnaðarmál

#### 7.3.1.2 Birgðahald

83. Starfsemi á markaði fyrir birgðahald eldsneytis felst fyrst og fremst í því að geyma eldsneyti í birgðatönkum. Eftir að siglt hefur verið með fljótandi eldsneyti til landsins er því dælt í birgðatanka, svokallaða innflutningsbirgðatanka, sem staðsettir eru í innflutningshöfnum hringinn í kringum landið. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er birgðageymslu fljótandi eldsneytis jafnframt skipt upp í undirflokka en ekki er nauðsynlegt að gera frekari grein fyrir flokkum markaðarins hér.

#### 7.3.1.3 Dreifing

84. Starfsemi á mörkuðum fyrir dreifingu eldsneytis felst í flutningi eldsneytis, eftir að því hefur verið dælt á birgðatankana, til neytenda sem kaupa það annars vegar beint af olíuflutningabílum eða í gegnum lög úr birgðatanki og hins vegar til þeirra sem kaupa það af eldsneytisdælu. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins var flutning eldsneytis skipt í þrennt. Ekki þykir þörf á því að fjalla nánar um þá greiningu hér.

#### 7.3.1.4 Smásala

85. Samkvæmt frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er vörumarkaðnum fyrir smásölu á eldsneyti skipt í tvo meginflokka; annars vegar sölu eldsneytis á eldsneytisstöðvum, sem er aftur flokkað eftir tegund<sup>38</sup> og hins vegar sölu þar sem eldsneytið er afhent af olíuflutningabifreið, beint af tanki eða skipi, einnig flokkað eftir tegund.<sup>39</sup>

#### 7.3.2 Dagvörumarkaðurinn

86. Meginstarfsemi Haga er á sviði dagvöru, sem fyrr segir, en innan Haga eru verslanakeðjurnar Bónus og Hagkaup, svo og stoðstarfsemi á sviði innkaupa og dreifingar. Samkeppnisyfirvöld hafa skilgreint viðkomandi markað sem svo að um

---

<sup>38</sup> Tegundir eru 95 oktana bensín, 98 oktana bensín, dísilolía (lituð) og dísilolía (ólituð).

<sup>39</sup> Tegundir eru 95 oktana bensín, 98 oktana bensín, dísilolía (lituð), dísilolía (ólituð), skipagasolía (MGO) (lituð), skipagasolía (MGO) (ólituð), skipadísilolía (MDO), svartolía, flugsteinolía og flugbensín.

væri að ræða markaðinn fyrir „sölu á dagvörum í matvöruverslunum“. Með dagvöru væri átt við vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir neytenda og verslanir á hinum skilgreinda markaði þurfa að hafa á boðstólum ákveðið úrval af t.d. matar-, drykkjar-, hreinlætis- og snyrtivörum, þannig að hægt sé að nálgast flesta flokka dagvara undir einu þaki.<sup>40</sup> Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, nr. 1/2015, er fjallað um stöðu samkeppni á dagvörumarkaði á árinu 2015. Samkvæmt skýrslunni er hugtakið dagvöruverslun notað um: „Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vörur sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks, mat- og drykkjarvörur, hreinlætis- og snyrtivörur og óvaranlegar heimilisvörur (aðallega hreingerningavörur). Notað sem samheiti fyrir verslanakeðjur og einstaka matvöruverslanir.“<sup>41</sup>

87. Í markaðsskilgreiningu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 64/2008 er skýrt tekið fram að dagvörusala í verslunum olíufélaganna sé ekki á sama markaði og matvöruverslanir. Segir m.a. í ákvörðuninni: „Samkeppniseftirlitið telur að þrátt fyrir að vöruúrval dagvöru í verslunum olíufélaganna sem og í söluturnum kunni að hafa aukist á liðnum árum séu ekki forsendur til að líta svo á að þessar verslanir starfi á sama markaði og matvöruverslanir. Ljóst er að vöruúrval dagvara í þessum verslunum er eftir sem áður mun minna en í matvöruverslunum og tæpast svo mikið að neytendur geti uppfyllt daglegar innkaupaþarfir sínar þar. Þá er sú þjónusta sem þessar verslanir veita ekki eins fjölbreytt og sú sem matvöruverslanir geta boðið upp á, s.s. betra aðgengi að bílastæðum og innkaupakerrum.“ Þessi markaðsskilgreining var staðfest af Hæstarétti í máli nr. 188/2010 en til hennar er einnig vísað í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2014, *Beiðri Rekstrurfélagsins Tíu ellefu ehf. og Skeljungs hf. um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga vegna rammamasamnings um leigu á fasteignum fyrir dagvöruverslanir*, ákvörðun nr. 7/2014, *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhóтели ehf. á Elkó ehf., Kaupási ehf. o.fl.*, og ákvörðun nr. 6/2010, *Yfirtaka Arion banka hf. á 1998 ehf.* Þá má einnig vísa til

<sup>40</sup> Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008, *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði („Mjólkur málið“)*, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010.

<sup>41</sup> Skýrsla nr. 1/2015 – Skýrsla: „Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði. Staða samkeppninnar 2015.“, bls. 3.



skýrslu nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, sem og skýrslu 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði*. Í þessari samrunatilkynningu verður notað hugtakið „nýlenduörur eða nýlenduörumarkaður“ um verslun Olís með slíkar örur og „bensínstöðvaverslanir“ um slíkar verslanir.

88. Markaðsskilgreiningar Haga í tilkynningu þessari byggja á eldri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, nú síðast ákvörðun nr. 28/2017.
89. Hagar benda einnig á að í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dags 5. desember 2013, sem ætlað er að einfalda framkvæmd samrunaeftirlits í samræmi við samrunareglugerð ESB nr. 139/2004, er skýrt tekið fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar að byggja megi markaðsskilgreiningar á eldri ákvörðunum.<sup>42</sup>
90. Þar sem nýlenduörusala Olís tilheyrir ekki sama markaði og Hagar starfa á, verður engin samþjöppun á þeim markaði með samrunanum og Hagar telja samrunann engin samþjöppunarhrif hafa á dagvörumarkaðinn eins og hann er skilgreindur af samkeppnisyfirvöldum og staðfestur af Hæstarétti Íslands.

#### 7.3.3 Nýlenduörumarkaður/bensínstöðvamarkaður

91. Sala Olís á nýlenduörum fellur undir bensínstöðvamarkað, sem skiptist annars vegar í bílavörumarkað og hins vegar í nýlenduörumarkað. Nýlenduörusala einkennist af litlu vöruúrvali með áherslu á drykkjavörur og örur sem neytandi kaupir gjarnan í flýti. Einnig er um að ræða skyndibita og tilbúna rétti.
92. Bílavörumarkaður lýtur hins vegar að sölu smávöru sem tengist bifreiðum svo sem smurólíu, bílahreinsivöru, verkfærum og minni bílavarahlutum, t.d. rúðupurrkum, rafgeymum, perum og öryggjum.

#### 7.3.4 Markaður fyrir heildsölu bílavara

93. Olís starfar við heildsölu á bílavörum til verkstæða, smurstöðva, bónstöðva,

---

<sup>42</sup> [http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-1098\\_en.htm](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-1098_en.htm).

bílaverkstæða, útgerða og fleira. Einkum er um að ræða sölu á smurolíu, efnavöru, bílavöru og rafgeyma. Olís framleiðir frostlög og tjöruhreinsi sem fyrirtækið selur í verslunum sínum og umboðum.

#### 7.3.5 Markaður fyrir innflutning og heildsölu rekstrarvara

94. Olís flytur inn og selur rekstrarvörur í gegnum verslun sína, Rekstrarland, sem er staðsett í Vatnagörðum. Hugmynd Olís með verslun Rekstrarlands er aðallega að vera með nokkurs konar sýningarglugga til að styðja við fyrirtækjasviðið í sölu á vörum til ræstinga fyrir hótél, veitingastaði, o.s.frv.
95. Viðskiptavinir eru að mestu leyti fyrirtæki og stofnanir, svo sem útgerðir, smurstöðvar, verkstæði, fyrirtæki í matvælaíðnaði, þrífafyrirtæki en Olís selur einnig til íþróttafélaga til endursölu vegna fjáraflana. Olís býður heildarlausnir fyrir fyrirtæki og skiptast vöruflokkar í hreinlætispappír og hreinsiefni og áhöld. Vörurnar er ætlaðar til notkunar í iðnaði, verslun og þjónustu. Sem hluti af tilvísaðri þjónustu selur Rekstrarland m.a. Abena vörur, sem eru t.a.m. sápur, sóttahreinsigel og handáburður; hreinsiefni, svo sem gólfsápa og alhreinsir; þvottaefni, í stærri umbúðum (12,5 kg.) og einnota kaffimál. Olís selur einnig hreinlætispappír og skammtara og tæki til þrifa, svo sem ryksugur, háþrýstidælur, gólfþvottavagna, klúta, sópa og svampa.
96. Til rekstrarvara teljast einnig ritföng en sala Rekstrarlands í þeim flokki er mjög óveruleg. Verslunin er einnig opin almenningi en óverulegu hluti fer fram til slíkra viðskiptavina.
97. Olís selur einnig bleiur, einkum í heildsölu til smásölufyrirtækja, þ. á m. til Haga en einungis í tilraunaskyni og því magn mjög óverulegt, sbr. umfjöllun í kafla 4.3.

#### 7.3.6 Markaður fyrir innflutning og heildsölu heilbrigðisvara

98. Olís flytur inn og selur heilbrigðisvörur í gegnum verslun sína, Rekstrarland, sem er staðsett í Vatnagörðum. Um er að ræða rekstrarvörur og tæki á sviði hjúkrunar og lækninga, rannsókn- og efnavörur, sjúkraþjálfunarvörur auk innréttinga fyrir

heilbrigðisstofnanir.

99. Um vörumarkaðinn fyrir sölu á heilbrigðisvörum (þ. á m. hjúkrunarvörum) hefur verið fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012. Þar var markaður fyrir sölu (og tengda þjónustu) á breiðu úrvali hjúkrunartækja, skilgreindur sem sérmarkaður. Án þess að tekin sé sérstök afstaða til vörumarkaðarins er ljóst að teljist Olís á sama markaði þá er hlutdeild mjög lítil og eru keppinautar bæði margir og sterkir. Hagar eru ekki aðilar á þessum markaði.

#### 7.3.7 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á gasi

100. Olís flytur inn og selur gas einkum til notkunar á veitingastöðum.

#### 7.3.8 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á byggingavöru

101. Olís flytur inn og selur byggingarvörur. Einkum er um að ræða þak- og vatnspéttaefni. Kaupendur eru verktakar í byggingariðnaði.

#### 7.3.9 Annað smávægilegt

102. Olís selur gasgrill í vefverslun ásamt aukahlutum.

#### 7.3.10 Starfsemi félaga sem Olís á hlut í

103. Svo sem rakið er á bls. 1 á Olís hlut í 11 fyrirtækjum, sbr. einnig tafla undir kafla 3.6.
104. Þegar hefur verið lýst starfsemi Olíudreifingar ehf., EAK ehf., EBK ehf. og Fjölvers ehf., sjá kafla 4.3. Auk þess á Olís félagið Nafta ehf., hlutdeild í félögunum Abena Ísland ehf., Garði ehf., Vottunarstofunni Tún ehf. Capiter ehf., GoPro ehf. og CRI ehf. Starfsemi þessara félaga er sem hér segir:
105. Nafta ehf. er eignarhaldsfélag sem er ekki né hefur verið í rekstri síðustu ár. Það hefur engar rekstrartekjur og eignir eru peningalegar eignir og kröfur.
106. Abena Ísland ehf. er eignarhaldsfélag sem hefur ekki verið í rekstri síðustu ár. Það hefur engar rekstrartekjur og eignir eru peningalegar eignir og kröfur. Fjallað var um Abena vörur í kafla 7.3.5 um innflutning og heildsölu rekstrarvara.

107. Vottunarstofan Tún ehf. er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið Túns er að veita gæðapjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjávarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða. Tún er þróunarfélag í þágu almannahagsmuna og vinnur að nýsköpun í matvælaframleiðslu og náttúrunytja í samræmi við alþjóðlega staðla um tillitssemi við lífríki og náttúru. Siðfræði sjálfbærrar þróunar og heilbrigðis allrar lífkeðjunnar eru megin leiðarljós í þjónustu Túns. Tún hefur aðsetur í Reykjavík en þjónar viðskiptavinum óháð búsetu eða þjóðerni og starfar náið með sambærilegum vottunarstofum í öðrum löndum.
108. Capiter ehf. er eignarhaldsfélag um skuldabréf og hlutabréf.
109. GoPro ehf. á hugbúnað (GoPro) sem heldur utan um verkefni og upplýsingar. GoPro er lausn fyrir fyrirtæki og stofnanir sem þurfa að halda utan um mikið magn upplýsinga. Skjöl og samskipti eru tengd við mál eða verkefni, sem svo tengist einum eða fleiri aðilum. GoPro setur þannig allar upplýsingar í samhengi, sem auðveldar yfirlit yfir stöðu mála, innsýn í samskipti við viðskiptavinum og aðgang að mikilvægum gögnum.
110. CRI ehf. (Carbon Recycling International) framleiðir endurnýjanlegt metanól úr koltvísýringi, vetni og rafmagni. CRI framleiðir tæknibúnað til orkuframleiðslu og iðnaðarframleiðslu en lausnirnar eru umhverfisvænar.

## 8 KAFLI

### Upplýsingar um markaði

111. Í þessum kafla ber að fjalla um upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir. Líkt og fjallað er um í 7. kafla að ofan telja samrunaaðilar að einungis gæti áhrifa á markaði fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila auk þess sem fjallað er um minni háttar lóðrétt viðskipti. Þar sem gerðar voru athugasemdir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins, dags. 11 ágúst sl., lýtur umfjöllun í þessum kafla ekki einungis að mörkuðum þar sem áhrifa gætir heldur einnig öðrum mörkuðum í samræmi við athugasemdirnar.

#### 8.1 Áætluð heildarstærð markaða í fjárhæðum eða magni

##### 8.1.1 Smásala eldsneytis - heildarstærð

112. Samkvæmt upplýsingum, sem unnar eru út frá tölum Flutningsjöfnunarsjóðs, er heildarstærð markaðar fyrir smásölu eldsneytis, árin 2014, 2015 og 2016, í magni eins og hér segir<sup>43</sup>:

	Heildarstærð olíumarkaðarins samkvæmt eldsneytissölu í magni			
	Magn	2014	2015	2016
Bensín 95 okt	Ltr.	178.322.046	180.880.381 <sup>44</sup>	190.360.992 <sup>45</sup>
Bensín 98 okt	Ltr.	527.600	414.256	358.417
Dísilolía lituð	Ltr.	49.509.641	51.466.082	58.866.001
Dísilolía ólituð	Ltr.	145.535.463	162.434.678	185.493.995
Skipagasolía (MGO), lituð	Ltr.	14.190.290	11.687.406	8.204.006
Skipagasolía	Ltr.	106.119.173	141.573.403	130.734.777

<sup>43</sup> Samkvæmt frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins skiptast vörumarkaðir í smásölu í tvo flokka og eru vörur sem teljast til markaðanna 95 oktana bensín, 98 oktana bensín, dísilolía (lituð), dísilolía (ólituð), skipagasolía (MGO) lituð, Skipagasolía (MGO) ólituð, skipadísilolía (MDO), Svartolía, Flugsteinolía og flugbensín. Fjórar fyrstnefndu vörurnar tilheyra báðum flokkum. Í töflunni eru flokkurinn „Skipagasolía (MGO)“ settur fram með undirflokkun þar sem mælieiningar eru ekki þær sömu, þ.e. annars vegar er heildarfjöldi talinn í lítrum og hins vegar í kílógrömmum.

<sup>44</sup> Inn í þessari tölu er einnig „Bensín ET“, sem N1 selur.

<sup>45</sup> Inn í þessari tölu er einnig „Bensín ET“, sem N1 selur.

(MGO), ólituð				
Ljósolía <sup>46</sup>	Kg.	60.596	56.208	39.704
MD-olía <sup>47</sup>	Ltr.	23.537.093	26.902.085	30.256.851
SD skipagasolía <sup>48</sup>	Kg.	23.920.970	29.641.640	33.035.852
Svartolía	Kg.	79.526.558	77.990.199	61.034.581
Flugsteinolía	Ltr.	238.281.630	274.410.618	373.496.923
Flugbensín	Ltr.	704.750	615.800	494.269
<b>Heildarstærð</b>		<b>860.235.810</b>	<b>958.072.756</b>	<b>1.072.376.368</b>

#### 8.1.2 Dagvörumarkaður - heildarstærð

113. Samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 er velta verslana með dagvöru áætluð um 130 milljarðar króna. Samkvæmt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 28/2017 vegna yfirtöku Haga á Lyfju er dagvörumarkaðurinn áætlaður á bilinu 140-150 milljarðar króna. Hagar hafa ekki aðrar upplýsingar um heildarstærð þessa markaðar en þar er sett fram.

#### 8.1.3 Nýlenduvörumarkaður/Bensínstöðvamarkaður - heildarstærð

114. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um veltu nýlenduvöru á bensínstöðvum.

115. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um veltu bílavöru á bensínstöðvum.

#### 8.1.4 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á rekstrarvörum - heildarstærð

116. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um veltu innflutnings og heildsölu á rekstrarvörum.

#### 8.1.5 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á gasi – heildarstærð

117. Eftir því sem samrunaaðilar komast næst er magnið í heild á markaði fyrir innflutning og heildsölu á gasi, að undanskildu iðnaðargasi, um 2.600 tonn á ári.

<sup>46</sup> Er undirflokkur flokksins „Skipadísilolía (MDO)“.

<sup>47</sup> Er undirflokkur flokksins „Skipadísilolía (MDO)“.

<sup>48</sup> Er undirflokkur flokksins „Skipadísilolía (MDO)“.

Olís er þar af með 600 tonn eða um 23% hlutdeild. Olís selur gas til veitingahúsa og einstaklinga. Tekjur Olís af sölu á gasi voru [ ]<sup>49</sup> árið 2016, sjá töflu í lið 8.8. Þannig má gróflega áætla að heildarvelta á markaði, að undanskildu iðnaðargasi sé um [ ]<sup>50</sup>.

#### 8.1.6 Markaður fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila - heildarstærð

118. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2017 var heildarstærð eignasafns þriggja stærstu félaganna talið 1.149.000 fm. Var vísað til þess að samanlögð markaðshlutdeild þeirra væri um 70% af heildarmarkaðnum. Miðað við þetta er heildarstærð markaðar fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til ótengdra aðila um 1.640.000 fm.

### 8.2 Markaðshlutdeild í fjárhæðum, hundraðshlutum og magni hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur

#### 8.2.1 Markaðshlutdeild í fjárhæðum

##### 8.2.1.1 Hagar- tekjur

119. Samkvæmt upplýsingum úr bókhaldi **Haga** voru tekjur félagsins síðustu rekstrarár með eftirfarandi hætti, sundurliðað eftir dótturfélögum<sup>51</sup>:

[

2016-2017



<sup>49</sup> Trúnaðarmál.

<sup>50</sup> Trúnaðarmál.

<sup>51</sup> Veltu félaga sem starfa á alls óskyldum mörkuðum er sleppt.

<sup>52</sup> Í heildarveltu skv. ársreikningi er sérvara meðtalin, en einnig er búið að „núlla út“ veltu innan

Hagar verslanir sundurliðun


2015-2016


Hagar verslanir sundurliðun


2014-2015


\_\_\_\_\_

samstæðu.

<sup>53</sup> Hér er átt við heildarveltu Hagkaups, þ.e. í matvöru, snyrtivöru og sérvöru.

<sup>54</sup> Í heildarveltu skv. ársreikningi er sérvara meðtalin, en einnig er búið að „núlla út“ veltu innan samstæðu.

<sup>55</sup> Hér er átt við heildarveltu Hagkaups, þ.e. í matvöru, snyrtivöru og sérvöru.




]<sup>56</sup>

#### 8.2.1.2 Olís – tekjur

120. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi **Olís** voru tekjur félagsins á árinu 2016 30.973 millj. kr. Þar sem dótturfélagið Nafta ehf. er ekki með rekstur er ekki gert samstæðuuppgjör. Árið 2015 voru tekjur Olís 32.992 millj. kr. og 35.962 millj. kr. á árinu 2014. Um sundurliðun tekna vísast til töflu í kafla 8.8. Um tekjur hlutdeildarféлага vísast til kafla 3.6.

#### 8.2.1.3 DGV – tekjur

121. Allar rekstrartekjur DGV eru vegna leigu á atvinnuhúsnæði. Árið 2015 námu tekjur 33.831.474 kr. en árið 2016 námu tekjur 67.534.030 kr.

### 8.2.2 Markaðshlutdeild samrunaaðila og annarra

#### 8.2.2.1 Eldsneytismarkaður

122. Varðandi hlutdeild á **eldsneytismarkaði** má benda á að í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins **nr. 2/2015** taldi stofnunin að markaðshlutdeild Olís árið 2012 hafi verið um 20-30%. Á sama tímabili taldi Samkeppniseftirlitið að hlutdeild N1 hf. væri á bilinu 40-50%. Skeljungur hf. hafi verið með 20-30% hlutdeild og Atlantsólía ehf. með 0-10% hlutdeild.

123. Miðað við þær upplýsingar sem greint er frá hér að framan um sölu Olís á eldsneyti má ætla að markaðshlutdeild Olís í eldsneytissölu hafi verið 22% árið 2016, á heildarmarkaði. Á markaði fyrir sölu fljótandi eldsneytis á eldsneytisstöðvum má ætla að hlutdeild Olís hafi verið 28%, árið 2016.<sup>57</sup> Hlutdeild N1 á sama tíma var um

<sup>56</sup> Trúnaðarmál.

<sup>57</sup> Bent er á að inn í þessari tölu er sala bensíns og dísilolíu á eldsneytisstöðvum en einnig sala á ólitaðri dísilolíu (gasolíu) af olíuflutningabifreið, beint af tanki eða skipi. Svo sem rakið hefur verið fyrir reynist erfitt að skipta upp magni af dísilolíu sem selt er á eldsneytisstöðvum annars vegar og með öðrum leiðum hins vegar og því er þessi leið farin.

32% hlutdeild Skeljungs um 29% og eru Olís, N1 og Skeljungur því með markaðshlutdeild yfir 10% í smásölu eldsneytis, sbr. töflu hér að neðan. Á heildarmarkaði fyrir eldsneyti hefur há hlutdeild Skeljungs í flugsteinolíu mikil áhrif og er hlutdeild félagsins á heildarmarkaði 50%. Hlutdeild Atlantsolíu á heildarmarkaði er um 3% sem skýrist einkum af lágrí hlutdeild í litaðri dísilolíu.

Heildarstærð olíumarkaðarins samkvæmt eldsneytissölu í magni		
2016		
	Allt	Sala á eldsneytisstöðvum
Olís	22%	28%
N1	25%	32%
Skeljungur	50%	29%
Atlantsolía	3,3%	11%

124. Við útreikning hlutdeildar félaganna í smásölu á eldsneytisstöðvum er lagt til grundvallar að allt bensín sé selt á eldsneytisstöðvum og einnig helmingur magns ólitaðrar dísilolíu. Þannig er lagt til grundvallar að hinn helmingur magns ólitaðrar dísilolíu og allt magn litaðrar dísilolíu sé afhent af olíuflutningabifreið, beint af tanki eða skipi. Það verður þó nokkur skekkja í þessu þar sem báðar tegundir eru seldar eftir báðum leiðum, auk litaðrar dísilolíu.
125. Olíudreifing ehf., sem sér um dreifingu og birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína, Olís og N1, var með 50-100% hlutdeild í birgðahaldi á hinum ýmsu tegundum fljótandi eldsneytis á Íslandi árið 2012. Engar frekari upplýsingar um hlutdeild liggja fyrir og geta samrunaaðilar ekki nálgast upplýsingar um afgreitt magn hjá Olíudreifingu ehf. Fyrirtækið starfar á grundvelli ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 23/1995. Olíudreifing rekur einnig olíubirgðastöðvar í Helguvík og Hvalfirði sem eru leigðar út af Icelandic Tank Storage. Þá veitir Olíudreifing sérhæfða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu á búnaði fyrir eldsneytisafgreiðslur í eigu N1, Olís og Skeljungs. Viðgerðar- og þjónustudeildin sér einnig um viðhald eigin birgðastöðva, bifreiða og ýmiss búnaðar til afgreiðslu eldsneytis. Fyrirtækið rekur

bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Olíudreifing starfrækir einnig sölusvið þar sem lögð er áhersla á sölu og tæknilega ráðgjöf fyrir búnað er tengist meðhöndlun, geymslu og afgreiðslu á eldsneyti.

126. Hagar hafa ekki starfað á eldsneytismarkaði og því hefur samruninn enga aukningu á hlutdeild í för með sér á þeim markaði. Þá telja Hagar samrunann engin neikvæð áhrif hafa á eldsneytismarkaðinn. Samruninn kunni hins vegar að hafa jákvæð áhrif á þann markað með því að brjóta upp þá svipuðu kostnaðaruppbyggingu sem tíðkast hefur meðal keppinauta á eldsneytismarkaði. Með breyttu eignarhaldi og rekstri Olís og samlegðaráhrifa af samrunanum mætti efla samkeppni á umræddum markaði. Í umfjöllun Samkeppniseftirlitsins í frummatsskýrslunni, um mögulegar úrbætur, segir m.a. að með þeim aðgerðum sem lagðar eru til í skýrslunni „*verði stuðlað að því að sjálfstæðir smásalar og e.a. matvöruverslanir selji eldsneyti*“. Hagar telja þannig mögulegt að samruninn hafi jákvæð áhrif á eldsneytismarkað, auk þess sem Olís ætti eftir samrunann að geta verið betur í stakk búid til að keppa í nýju umhverfi á íslenskum eldsneytismarkaði og bjóða hagstæðari valkosti fyrir neytendur.
127. Framangreindar upplýsingar um hlutdeild á eldsneytismarkaði miða við árið 2016. Í lok maí á þessu ári, 2017, kom inn á eldsneytismarkað nýr öflugur aðili sem nauðsynlegt er að taka tillit til við mat á markaðshlutdeild í tengslum við samruna þennan. Hagar hafa ekki upplýsingar um magn, tekjur eða hlutdeild Costco á eldsneytismarkaði en fram hefur komið af hálfu framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda að verslun Costco sé þá þegar (um miðjan júní-mánuð) farin að taka verulegan hluta af eldsneytissölu á höfuðborgarsvæðinu.<sup>58</sup> Þannig má áætla að markaðshlutdeild Olís færist mjög fljótlega neðar eftir innkomu Costco. Hagar ítreka að við mat á samruna þessum er nauðsynlegt að Samkeppniseftirlitið sinni rannsóknarskyldu sinni og afli upplýsinga um tekjur og selt magn eldsneytis hjá Costco, til að fá sanna mynd af markaðinum eins og hann er núna og líklegri þróun

---

<sup>58</sup> <http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2017/06/12/ahrifin vegna costco verda meiri 2/>.

hans.

#### 8.2.2.2 *Dagvörumarkaður*

128. Varðandi hlutdeild á **dagvörumarkaði** má vísa til þess að í ákvörðun **64/2008** - *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu á matvörumarkaði („Mjólkurmálið“)* komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Hagar hafi á rannsóknartímabili þess máls (árunum 2005 og 2006) verið í markaðsráðandi stöðu á skilgreindum mörkuðum þess máls, en í málinu var markaðurinn skilgreindur sem markaðurinn fyrir „*sölu á dagvörum í matvöruverslunum*“. Var sú niðurstaða m.a. byggð á markaðshlutdeild Haga, efnahagslegum styrkleika fyrirtækisins í samanburði við keppinauta og aðgangshindrunum að íslenskum matvörumarkaði.
129. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 um stöðu samkeppni á dagvörumarkaði var tekið fram að dregið hefði úr markaðshlutdeild Haga frá árinu 2009 en hlutur minni verslana hefði aukist.<sup>59</sup> Þannig væru vísbendingar um að samþjöppun væri smám saman að minnka á landinu í heild og á höfuðborgarsvæðinu, en hlutdeild Haga væri um 48-49% þegar horft væri á landið allt. Eftirlitið taldi ekki komnar fram vísbendingar um að staða Haga sem markaðsráðandi aðila á markaðnum hafi breyst<sup>60</sup> en þó var ekki tekið til sérstakrar rannsóknar hvort Hagar væru enn í markaðsráðandi stöðu. Hagar hafa, í kjölfar framangreindrar skýrslu nr. 1/2015 dregið stórlega í efa að félagið hafi í reynd verið í markaðsráðandi stöðu á þeim tíma.<sup>61</sup> Í aðdraganda ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 (Hagar / Lyfja) færðu Hagar enn fram rök fyrir því að Hagar væru ekki lengur í markaðsráðandi stöðu. Niðurstaða þess máls var sú að ekki þóttu fram komnar upplýsingar sem hnektu fyrra mati Samkeppniseftirlitsins um markaðsráðandi stöðu Haga. Við rannsókn þess máls virðist þó eingöngu hafa verið aflað upplýsinga um sölu Costco í tilteknum vöruflokkum og hlutdeild verslunarinnar áætluð út frá þeim

---

<sup>59</sup> Verslunum 10-11 var síðan skipt út úr Högum frá og með 1. september 2011.

<sup>60</sup> Sjá bls. 24 í skýrslunni.

<sup>61</sup> Um þessi rök má m.a. vísa til bréfs Haga, dags. 15. nóvember 2012 og 19. apríl 2013, sbr. einnig bréf Haga frá 26. maí 2015. Bréfin eru í vörslu Samkeppniseftirlitsins.

upplýsingum á bilinu 5-10% á höfuðborgarsvæðinu. Þannig hafði Samkeppniseftirlitið að því er virðist ekki upplýsingar um heildarsölu Costco í dagvörum, auk þess sem verslunin hafði eingöngu verið starfrækt í fjórar vikur þegar stofnunin framkvæmdi mat sitt.

130. Á bls. 91 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 er að finna upplýsingar um hlutdeild á dagvörumarkaði fyrir árið 2016. Þar eru Hagar með 45-50% hlutdeild, Festi með 15-20%, Samkaup með 15-20%, 10-11/Iceland með 5-10% og aðrir undir 5%. Að mati Haga er Samkeppniseftirlitinu ekki stætt á því að miða markaðshlutdeild í máli þessu við tekjur Haga og annarra markaðsaðila fyrir síðasta rekstrarár, heldur er Samkeppniseftirlitinu nauðsynlegt að sinna rannsóknarskyldu sinni og afla upplýsinga um alla dagvöruveltu Costco, þannig að hún sé samanburðarhæf við hlutdeild annarra á dagvörumarkaði. Um stöðu aðila á dagvörumarkaði er að öðru leyti vísað til umfjöllunar hér að neðan í kafla 10.

#### 8.2.2.3 Markaður fyrir leigu á atvinnuhúsnæði til ótengdra aðila

131. Varðandi hlutdeild á **markaði fyrir leigu á atvinnuhúsnæði til ótengdra aðila** liggur fyrir að þrjú stærstu fasteignafélög landsins eru með þórrann af markaðnum en í ákvörðun nr. 9/2017 var heildarstærð eignasafns þeirra talið 1.149.000 fm. Var vísað til þess að samanlögð markaðshlutdeild þeirra væri um 70% af heildarmarkaðnum.

132. Atvinnuhúsnæði DGV er skráð [

].<sup>62</sup> Ljóst er að markaðshlutdeild DGV er því undir [ ]<sup>63</sup>. Heildarfermetra sem Hagar leigja út til ótengdra aðila er um [ ]<sup>64</sup>.

133. Olís leigir eingöngu húsnæði til tengdra aðila. Heildarfermetrafjöldi leigðra eigna

---

<sup>62</sup> Trúnaðarmál.

<sup>63</sup> Trúnaðarmál.

<sup>64</sup> Trúnaðarmál.

eru [ ]<sup>65</sup>, þar af eru eignir á Keflavíkurlugvelli 720 fm. en þær eru í sameiginlegri eigu Olís, Skeljungs, N1 og Icelandair. Sjá nánari sundurliðun eigna og leigutaka á fylgiskjali 28.

#### 8.2.2.4 Nýlenduvörumarkaður/Bensínstöðvumarkaður

134. Varðandi hlutdeild á **bensínstöðvumarkaði** vísast til umfjöllunar í kafla 8.1.3 en samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um stærð hans. Um veltu verslana Olís vísast til töflu í kafla 8.8 en hrein nýlenduvörusala nam [ ]<sup>66</sup> árið 2016.
135. Aðrir aðilar á markaðnum eru önnur olúfélög og jafnframt söluturnar í tilviki nýlenduvara.

#### 8.2.2.5 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á rekstrarvörum

136. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um markaðshlutdeild Olís í innflutningi og heildsölu á rekstrarvörum. Hins vegar er ljóst af veltutölum að Olís er mjög lítill aðili á mögulegum markaði. Aðilar sem selja sambærilegar vörur og Olís eru t.a.m. N1, Skeljungur, Rekstrarvörur, Papco, Byko, Húsasmiðjan, Tandur, Marpól o.fl. en auk þess aðilar sem selja áhöld og efni til skúringa, aðilar sem selja gasgrill, aðilar sem selja servíettur o.fl.

#### 8.2.2.6 Markaður fyrir innflutning og heildsölu á gasi

137. Hvað varðar gas, annað en iðnaðargas, þá er magn þess um 2.600 tonn á ári í heildina. Þar af er Olís með um 600 tonn eða 23% hlutdeild í því. Olís selur gas til veitingahúsa og einstaklinga en ekki til endurseljenda.
138. Annað magn flytur Gasfélagið ehf. inn og selur í heildsölu til N1, Skeljungs og AGA. Um er að ræða samtals 2000 tonn. Samrunaaðilar hafa ekki upplýsingar um hvernig magnið skiptist á milli þessara aðila.
139. Samrunaaðilar hafa ekki frekari upplýsingar um markaðshlutdeild Olís í

---

<sup>65</sup> Trúnaðarmál.

<sup>66</sup> Trúnaðarmál.

innflutningi og heildsölu á gasi.

### 8.3 Áætluð markaðshlutdeild allra keppinauta sem ráða yfir að minnsta kosti tíu (10) prósent af markaðnum sem er til athugunar

140. Vísast til kafla 8.2.

### 8.4 Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings

141. Hér að framan er lýst lóðréttri samþættingu á dagvörumarkaði, þar sem markaðsaðilar annast margir hverjir sjálfir innflutning að hluta.

142. Olís flutti inn 245.468.137 lítra fyrir um [ ]<sup>67</sup> á árinu 2016 og var langstærsti hlutinn frá Statoil í Noregi eða um 90% af heildarinnflutningi.

143. Um mat á áhrifum kvóta, tolla eða annarra viðskiptahindrana en tolla á þennan innflutning þá er ekkert sérstakt sem þarf að tilgreina vegna dagvörumarkaðsins og er slíkum takmörkunum ekki fyrir að fara varðandi innflutning á olíuafurðum.

144. Varðandi mat á áhrifum flutningskostnaðar og annars kostnaðar á þennan innflutning þá er ekkert sérstakt sem þarf að tilgreina vegna dagvörumarkaðsins. Á eldsneytismarkaði er flutningskostnaður talsverður og hefur áhrif á innflutningsverð olíuafurða.

145. Ekkert af þessu á við um markað fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til óskyldra aðila.

### 8.5 Hvernig fyrirtæki sem að samruna standa framleiða og selja vöru og þjónustu

146. Hagar kaupa þær vörur sem seldar eru í verslunum fyrirtækisins ýmist af innlendum birgjum eða flytja vörurnar inn.

147. Um innflutning, dreifingu og sölu á eldsneyti vísast til þess sem að framan greinir, auk frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins. Aðrar vörur en eldsneyti kaupir Olís ýmist af innlendum og erlendum aðilum og dreifir á útsölastaði sína en Olís rekur

---

<sup>67</sup> Trúnaðarmál.

tvo miðlæga lagera og eigin dreifikerfi. Olís er einnig með íblöndunarverksmiðju og átöppun þar sem Olís framleiðir og tappar á nokkrum tegundum hreinsivara. Þjónustustöðvar Olís eru samtals 36. Aðalsöluvara þjónustustöðvanna er eldsneyti með 66,8% af veltunni en að auki eru seldar bílavörur, smurolíur, sælgæti, tóbak, matvara, tilbúinn matur o.fl. Innan félagsins eru einnig reknar svokallaðar ÓB stöðvar en þær eru samtals 36. ÓB stöðvarnar eru ómannaðir sjálfvirkir eldsneytissölustaðir. Að auki eru rekin 36 útibú á Íslandi. Í útibúum er annað vöruval en á þjónustustöðvum. Þar eru seldar rekstrarvörur, auk þeirra vara sem seldar eru á þjónustustöðvum (að undanskildum mat) og henta fyrirtækjum. Í tengslum við flest útibú er selt eldsneyti. Salan er því vítt og breitt um Ísland.

148. Ekkert af þessu á við um markað fyrir leigu atvinnuhúsnæðis til óskyldra aðila.
149. Á nýlenduvörumarkaði selur Olís á bensínstöðvum sínum að öllu leyti vörur keyptar frá innlendum birgjum. Á bílavörumarkaði flytur Olís inn til endursölu á bensínstöðvum allar smurolíur og rafgeyma sem og megnið af efnavörum (97,38%) og öðrum bílavörum (81,28%). Annað kaupir Olís af innlendum birgjum. Þá framleiðir Olís frostlög og tjöruhreinsi sem seldir eru í verslunum fyrirtækisins og umboðum.
150. Á markaði fyrir innflutning og heildsölu rekstrarvara flytur Olís inn 95,92% af vörunum en kaupir annað af innlendum birgjum. Rekstravörurnar eru seldar í gegnum síma og í versluninni Rekstrarland.
151. Á markaði fyrir innflutning og heildsölu gas flytur Olís inn allt magnið. Olís selur gas til veitingahúsa og einstaklinga en ekki til endurseljenda.

#### 8.6 Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og í öðrum ríkjum

152. Samrunaaðilar selja ekki vörur sínar á erlendum mörkuðum.

#### 8.7 Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar fyrir hvern samrunaaðila um sig miðað við helstu keppinauta



153. Hagar reka vöruhúsið Aðföng, sem annast innkaup, birgðahald og dreifingu fyrir allar matvöruverslanir Haga. Bananar ehf., dótturfélag Haga, annast innflutning og dreifingu á ávöxtum og grænmeti á Íslandi og Hagar reka einnig kjötverkandann Ferskar kjötvörur.
154. Varðandi aðra keppinauta á dagvörumarkaði má nefna verslanarisann Costco, sem er lóðrétt samþætt fyrirtæki og selur að lang mestu leyti vörur sem fyrirtækið flytur inn sjálf. Festi hf., sem rekur matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, Nóatúns og Kjarvals, er einnig lóðrétt samþætt. Sama á við um Samkaup, sem rekur verslanir undir merkjunum Nettó, Samkaup úrval, Samkaup strax. Kjörbúðin og Krambúð, sem og Baskó-samstæðuna.
155. Olís flytur inn, dreifir (í gegnum Olíudreifingu) og selur olíuafurðir á Íslandi líkt og Skeljungur, N1 og Atlantsolía.
156. Á öðrum mörkuðum má nefna Rekstrarvörur, Wurth, BYKO, Húsasmiðjuna, Bauhaus, Kemi, Mótul, Stillingu, svo dæmi séu tekin. Þetta eru allt fyrirtæki sem flytja inn vörur og selja í smásölu og heildsölu. Hins vegar er skörun á milli Olís og þessara aðila mismikil.

8.8 Sundurliðun á heildartekjum sem fram koma í ársreikningum eftir helstu vöruflokkum og/eða þjónustubáttum í starfsemi aðila. Sambærilega sundurliðun skal veita um magn (í einingafjölda) ef við á

157. Eftirfarandi er sundurliðun á tekjum Haga eftir vöruflokkum í kr.: [




] <sup>68</sup>

---

<sup>68</sup> Trúnaðarmál.








159.

] <sup>71</sup>

160. Allar rekstrartekjur DGV eru vegna leigu á atvinnuhúsnæði.

8.9 **Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila**

161. Eftirfarandi er sundurliðun á helstu kostnaðarliðum í rekstri Haga:

[

] <sup>72</sup>

---

<sup>71</sup> Trúnaðarmál.

<sup>72</sup> Trúnaðarmál.

162. Helstu kostnaðarliðir í rekstri **Olís** árið 2016 í þús. kr. eru eftirfarandi:

[


]<sup>74</sup>

163. Helstu kostnaðarliðir í rekstri **DGV** árið 2016 í þús. kr. eru eftirfarandi:

[


]<sup>75</sup>

---

<sup>73</sup> Undir þessum lið eru: önnur laun aðkeypt, umsjónarlaun, viðhald og annar rekstur lausafjármuna, viðhald fasteigna, markaðskostnaður, viðskiptakostnaður, rekstur bifreiða og annað viðhald, aðkeyptur akstur, aðkeypt sérfræðiþjónusta, vöruhúsaþjónusta, starfsmannakostnaður, ferðakostnaður, fundakostnaður, pappír, prentun og ritföng, samskiptabúnaður, burðagjöld, fjölmiðlar, bækur og tímarit, leiga, félagsgjald, umbúðir, kostnaður vegna eyðingar, mótframlag rek.kostn., rekstrarstyrkir, ábyrgðatryggingar, niðurfærsla kr. og tapaðar kröfur, tjón, annar rekstararkostnaður og sameiginlegur rekstur.

<sup>74</sup> Trúnaðarmál.

<sup>75</sup> Trúnaðarmál.

## 9 KAFLI

### Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

164. Í þessum kafla ber að fjalla um almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Líkt og fjallað er um í sjöunda kafla að ofan telja samrunaaðilar að einungis gæti áhrifa á markaði fyrir leigu atvinnuhúsnaðis til ótengdra aðila auk þess sem fjallað er um minni háttar lóðrétt viðskipti. Þar sem gerðar voru athugasemdir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins, dags. 11 ágúst sl., lýtur umfjöllun í þessum kafla ekki einungis að mörkuðum þar sem áhrifa gætir heldur einnig öðrum mörkuðum í samræmi við athugasemdirnar.

#### 9.1 Fimm helstu sjálfstæðu birgja aðilanna og hlut hvers þeirra í innkaupum

##### 9.1.1 Hagar – fimm helstu sjálfstæðu birgjar

##### 9.1.1.1 Aðföng – 5 stærstu birgjar 2016

[


]76

---

<sup>76</sup> Trúnaðarmál.



9.1.1.2 Ferskar kjötvörur – 5 stærstu birgjar 2016

[


]

9.1.1.3 Hagar verðanir (Bónus+Hagkaup) – 5 stærstu birgjar 2016

[


]

9.1.2 Olís – fimm stærstu birgjar 2016

[


---

<sup>77</sup> Trúnaðarmál.

<sup>78</sup>

<sup>79</sup> Trúnaðarmál.


] <sup>80</sup>

165. Fimm helstu birgjar Olís á árinu 2016 í nýlenduvörum eru:

[


] <sup>81</sup>

166. Fimm helstu birgjar Olís á árinu 2016 í bílavörum eru (Olís framleiðir sjálft 26% viðskipta og nam upphæð þeirra [ <sup>82</sup> árið 2016):

[


] <sup>83</sup>

<sup>80</sup> Trúnaðarmál.

<sup>81</sup> Trúnaðarmál.

<sup>82</sup> Trúnaðarmál.

<sup>83</sup> Trúnaðarmál.

167. Birgjar Olís á árinu 2016 í sölu á gasi eru: [


] <sup>84</sup>

168. Fimm helstu birgjar Olís á árinu 2016 í rekstrarvörum eru: [


] <sup>85</sup>

169. Fimm helstu birgjar Olíudreifingar á árinu 2016 eru: [



] <sup>86</sup>

170. DGV er ekki með neina birgja.

---

<sup>84</sup> Trúnaðarmál.

<sup>85</sup> Trúnaðarmál.

<sup>86</sup> Trúnaðarmál.

## 9.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

171. Um þennan lið vísast til kafla 8.5 og 8.7.

## 9.3 Mat á afkastagetu síðastiðin þrjú ár

172. Á ekki við.

## 9.4 Aðrir þættir framboðs sem máli skipta

173. Samrunaaðilar telja ekki aðra þætti framboðs skipta máli.

## 9.5 Tíu stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir aðilanna á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og hlutfall sölu til þeirra

174. Tíu stærstu viðskiptavinir Ferskra kjötvara árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga og svo upphæð viðskipta). [

] <sup>87</sup>

175. Hagar óska eftir því að Samkeppniseftirlitið afli sjálft upplýsinga frá Banönum um helstu viðskiptavini.

176. Aðföng selur nánast eingöngu til Haga verslana (Bónus og Hagkaup) ef frá er talin áfengissala til ÁTVR og óveruleg viðskipti við Kaupfélag Skagfirðinga.

---

<sup>87</sup> Trúnaðarmál.

177. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís í nýlendumörum árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga). [

] <sup>88</sup>

[

] <sup>89</sup>

178. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís í bílavörum árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildartölu er tilgreindur í sviga):

[

] <sup>90</sup>

---

<sup>88</sup> Trúnaðarmál.

<sup>89</sup> Trúnaðarmál.

<sup>90</sup> Trúnaðarmál.

179. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís vegna sölu á gasi árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga):

[

]<sup>91</sup>

180. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís í rekstrarvörum árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga):

[

]<sup>92</sup>

---

<sup>91</sup> Trúnaðarmál.

<sup>92</sup> Trúnaðarmál.

181. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís í bensínsölu árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga):

{

}<sup>93</sup>

182. Tíu stærstu viðskiptavinir Olís í dísil sölu árið 2016 eru eftirfarandi (hlutur í heildarsölu er tilgreindur í sviga):

{

}<sup>94</sup>

---

<sup>93</sup> Trúnaðarmál.

<sup>94</sup> Trúnaðarmál.

## 9.6 Eftirspurn á hverjum markaði

### 9.6.1 Þróun markaðarins

183. Eins og reifað er í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 um stöðu samkeppni á dagvörumarkaði, sbr. einnig hér að framan, hefur þróunin á þeim markaði verið sú að dregið hefur úr markaðshlutdeild Haga frá árinu 2009 og hlutur minni verslana hefur aukist. Þá hefur markaðurinn tekið mjög miklum breytingum á síðustu vikum og mánuðum eftir innkomu Costco en fyrir liggur að áhrifin af innkomu fyrirtækisins á dagvörumarkað eru marktæk á sölu verslana Haga.<sup>95</sup>
184. Þá hefur einnig verið fjallað um þróun á eldsneytismarkaði í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins sem vísað er til hér að framan. Í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins var talið að helstu breytingar sem hafa orðið á íslenska olíumarkaðnum síðastliðin 15 ár mætti draga saman í fimm meginþætti (bls. 32-33). Í fyrsta lagi hóf Atlantsolía að selja eldsneyti á smásölu í lok árs 2003. Í öðru lagi tók Íslensk olíumiðlun til starfa árið 2005 en fyrirtækið byggði birgðatank á Norðfirði og hóf að selja skipagasolíu í samkeppni við olíufélögin Þrjú en félagið er nú í eigu N1. Í þriðja lagi hætti Atlantsolía að flytja inn eldsneyti á eigin vegum árið 2007 en það breyttist aftur árið 2015 og kaupir nú eldsneyti af norska fyrirtækinu Statoil eins og hin olíufélögin. Í fjórða lagi hafði hrunið haustið 2008 umtalsverð áhrif á rekstarumhverfi og afkomu félaganna ásamt því að eignarhald N1, Skeljungs og Olís breyttist í kjölfarið. Í fimmta lagi sömdu öll olíufélögin við sína birgja um að þeir tækju ábyrgð á innflutningi og leigðu tollvörugeymana á Íslandi af félagunum og ættu þar af leiðandi hluta af eldsneytinu sem geymt er í tönkunum. Þá liggur fyrir að nýr keppinautur hefur nú hafið innreið sína á eldsneytismarkað, þ.e. Costco. Sjálfstæðum eldsneytissölum er að fjölga, með innkomu Costco inn á markaðinn í maí sl. og ljóst er að Costco er þegar farið að taka verulegan hluta af eldsneytissölu.
185. Olíumarkaðurinn er á samdráttarskeiði þar sem heimsmarkaðsverð á olíu, sem

---

<sup>95</sup> Fylgiskjal 25. Trúnaðarmál.



ræður að langstærstum hluta, ásamt álögum ríkissjóðs, verði eldsneytis, hefur hækkað mikið. Markaðurinn hefur hafið aðlögun, með minni umferð ásamt því að leitað er í nýja orkugjafa, s.s. rafmagn, metan o.fl. Ekki er fyrirsjáanlegt að eftirspurn eftir olíu muni aukast á næstunni.

#### 9.6.2 Vægi viðskiptavildar

186. Vægi viðskiptavinavildar á dagvörumarkaði hefur minnkað frá því sem áður var þar sem og viðskiptatryggð almennt minnkað.
187. Viðskiptavild á eldsneytismarkaði er nokkur á markaðnum en þó aðallega í formi vildarpunkta eða afsláttar sem svokallaðir eldsneytislyklar og kort veita en þó er það aðallega samkeppnishæft verð sem veitir einhverskonar tryggð við olíufélögin. Neytendur á markaðnum eru mjög fjölbreytilegir þar sem það eru bæði almennir neytendur ásamt stórum viðskiptavinum, svo sem flutningafyrirtækjum, flugfélögum og sjávarútvegsfyrirtækjum. Ekki er um eiginlega samninga að ræða á neytendamarkaðnum sem binda aðila enda leitast aðilar við að hagræða sem mest með því að leita eftir hagstæðustu kjörnum hverju sinni. Á fyrirtækjamarkaði eru gerðir skammtímasamningar sem eru þó ekki bindandi um öll viðskipti. Þar er reynt að byggja upp traust með þjónustu og áreiðanleika í viðskiptum.

#### 9.6.3 Samþjöppun og dreifing neytenda

188. Neytendur á viðkomandi mörkuðum eru dreifðir og dreifing neytenda er væntanlega eins dreifð og hún getur orðið.

#### 9.6.4 Skipting viðskiptavina í ólíka flokka og lýsing á dæmigerðum viðskiptavini

189. Viðskiptavinir á viðkomandi mörkuðum eru fyrst og fremst neytendur, aðallega einstaklingar.

#### 9.6.5 Vægi samninga um einkadreifingu og langtímasamningar

190. Slíkir samningar eru ekki til staðar á viðkomandi mörkuðum.

#### 9.6.6 Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum, ríkisstofnunum o.fl.

191. Eftirspurn á umræddum mörkuðum er fyrst og fremst frá einstaklingum, einkum á dagvöru- og nýlenduvörumarkaði en einnig frá fyrirtækjum á eldsneytismarkaði. Vægi eftirspurnar opinberra aðila er takmörkuð þar sem heildarmarkaðurinn er mjög stór.

**9.7 Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl svo um munar á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum fimm árum?**

192. Ljóst er að mati samrunaaðila að nokkrir nýir keppinautar hafa náð að hasla sér völl á smásöllumarkaði fyrir dagvörur á síðastliðnum fimm árum. Ber þar fyrst að telja fjórðu verslanasamstæðuna, þ.e. 10-11/Iceland sem hefur haslað sér völl á íslenskum matvörumarkaði og bætt við verslunum. Þá má nefna Kost, sem rekur verslun í Kópavogi og Víði, sem rekur nú fimm verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 segir m.a. að þessi þróun undanfarinna ára sé vísbending um aukna samkeppni og fjölbreytni, almennungi til hagsbóta.<sup>96</sup>

193. Þá opnaði smásöllumisinn Costco verslun í Garðabæ hinn 23. maí 2017. Um það atriði er fjallað á öðrum stöðum í þessari tilkynningu. Sjá sérstaklega 10. kafla. Hagar ítreka kröfu um að Samkeppniseftirlitið afli upplýsinga um alla dagvöru- og eldsneytisveltu Costco, við mat á áhrifum samruna þessa á umrædda markaði.

**9.8 Telja aðilar samrunans að til séu fyrirtæki, þ.m.t. erlend fyrirtæki, sem eru líkleg til að hasla sér völl á markaðinum?**

194. Sjá 9.7. Erlend fyrirtæki hafa – og eru – að hasla sér völl á umræddum mörkuðum. Iceland er erlend verslunarkerðja sem hefur haslað sér völl á Íslandi. Þá er rétt í þessu samhengi að bæta við að Costco hefur gefið það út að félagið muni fjölga eldsneytisdælum hjá sér og hugsanlega setja upp aðra verslun á Íslandi. Samrunaaðilar benda jafnframt á að nýverið hafa fleiri verslunarrisar en Costco ákveðið að hasla sér völl hér á landi, sbr. opnun H&M á verslunum hér á landi og

---

<sup>96</sup> Sbr. m.a. bls. 52 í skýrslu SE nr. 1/2015.

fyrirhuguð opnun Nespresso verslunar. Þá hafa borist fréttir af því að þýski verslunarrisinn Aldi, sé að skoða opnun verslunar hér á landi.<sup>97</sup> Því má allt eins telja það líklegt að erlend fyrirtæki séu líkleg til að hasla sér völl á markaðnum. Viðbrögð neytenda, sem ekki hafa látið á sér standa, ættu að ýta undir slíkan áhuga. Þá má bæta hér við að N1 hefur undirritað kaupsamning um kaup á Festi.

## 9.9 Þættir sem áhrif hafa á aðgang að mörkuðum þar sem áhrifa gætir

### 9.9.1 Heildarkostnaður við að hasla sér völl á markaði

195. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um hvað kostar nýjan aðila að hasla sér völl hér á landi á þeim mörkuðum sem um ræðir en að mati samrunaaðila eru óverulegar aðgangshindranir að þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Almennt gildir um verslunarrekstur að húsnæði er hægt að leigja. Ekki er nauðsynlegt að fjárfesta í húsnæði og því ekki umtalsverð fjárfesting sem fylgir opnun verslunar. Innréttingar og tækjabúnaður auk sölukerfa/tölvukerfa krefjast ekki mikilla fjárútláta né fjárfestinga sé hagkvæmni gætt.

196. Hvað varðar olíumarkaðinn er á það bent að á árinu 2003 kom Atlantsolía inn á markaðinn og á árinu 2012 hafði Atlantsolía náð allt að 10% af heildarmarkaðshlutdeild á olíumarkaðnum og hærra hlutfalli í bifreiðaeldsneyti. Á olíumarkaðnum í dag eru auk þess öflugir keppinautar s.s. N1, Skeljungur, Atlantsolía og nú Costco. Ekki liggur fyrir hversu miklu þeir fjárfestu í því sem talist getur beint til eldsneytisafgreiðslu en fram hefur komið í fréttum að heildarfjárfesting Costco á Íslandi hefur nú þegar numið um 6,2 milljörðum kr. en ætla má að fasteignin sé stærsti hluti fjárfestingarinnar.<sup>98</sup>

### 9.9.2 Aðgangshindranir í lögum og reglugerðum

197. Starfsemi olíufélaga er eins og önnur starfssemi háð lögum og reglum bæði frá ríki og sveitarfélögum. Leyfisskyld starfsemi Olís fellur helst undir eftirfarandi

<sup>97</sup> <http://www.visir.is/g/2017170819664>.

<sup>98</sup> <http://www.vb.is/frettir/hlutaft-costco-islandi-62-milljardar/133322/?q=Costco>.

sérlög:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Lög nr. 93/1995 um matvæli (þegar um matvæli er að ræða)

Efnalög nr. 61/2013

Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum

198. Jafnframt ber félaginu að fara eftir lögum nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Félagið lagði fram staðfestingu um að skilyrði laganna séu uppfyllt.
199. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá um að gefa út starfsleyfi á grundvelli laga nr. 7/1998 vegna reksturs bensínafgreiðslustöðva, sjálfsafgreiðslustöðva o.s.frv. Þær gefa einnig út leyfi til framleiðslu, sölu og dreifingar matvæla á grundvelli laga nr. 93/1995. Stjórnvöld veita jafnframt leyfi til sölu á tóbaki samkvæmt lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og áfengisleyfi samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998.
200. Fram til 1. janúar 2017 bar flestum þjónustustöðvum félagsins að hafa þrenns konar leyfi til staðar, þ.e. rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007, starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og leyfi til sölu tóbaks samkvæmt lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir. Lög nr. 67/2016 sem breyttu lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald tóku gildi þann 1. janúar 2017 en samkvæmt þeim þurfa veitingastaðir í flokki I ekki leyfi lengur, þ.e. ekki þarf lengur að sækja um rekstrarleyfi fyrir þær stöðvar sem ekki selja áfengi. Þær stöðvar þurfa þó samt sem áður að sækja um starfsleyfi og leyfi til sölu á tóbaki en hvoru tveggja er sótt um hjá Heilbrigðiseftirlitinu.
201. Að mati samrunaaðila felast þó ekki aðgangshindranir í framangreindum lögum eða reglugerðum.

#### 9.9.3 Einkaleyfi

202. Samrunaaðilar hafa ekki yfir að ráða einkaleyfum, ef frá eru talin þeir

sérleyfissamningar (franchise) sem félögin hafa til að selja tiltekin vörumerki (Krispy Kreme, Quiznos t.d.)

#### 9.9.4 Nytjaleyfi

203. Ekki er um slíkt að ræða umfram það sem gengur og gerist í rekstri fyrirtækja.

#### 9.9.5 Vægi stærðarhagkvæmni

204. Stærðarhagkvæmni skiptir vissulega máli í rekstri fyrirtækja á þeim mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á, enda er nokkur fastur kostnaður sem fylgir rekstri slíkra félaga. Aukin viðskipti geta og hafa skilað stærðarhagkvæmni, sem gerir fyrirtækjum á þeim mörkuðum sem um ræðir mögulegt að selja vöru á lægra verði. Stærðarhagkvæmni kemur fram í lægri innkaupakostnaði og hagstæðari kostnaðarhlutföllum. Það á m.a. við um launakostnað, húsnæðiskostnað, vörudreifingu, sölukostnað og stjórnun. Stærðarhagkvæmni leiðir því almennt til lægra vöruverðs til viðskiptavina og betri nýtingu framleiðsluþátta.

205. Stærðarhagkvæmni hefur ekki staðið í vegi fyrir aðilum að hefja starfssemi á eldsneytismarkaði hingað til. Dæmi um það er Atlantsolía og nú Costco.

#### 9.9.6 Aðgangur að birgðum og hráefni

206. Á olíumarkaðnum er framboð af olíu allt erlendis frá þar sem ekki er unnin olía við Ísland. Það þarf því að flytja allar birgðir til Íslands með olíubirgðaskipum.

207. Varðandi aðgang að eldsneyti í heildsölu telja samrunaaðilar að virkur heildsölumarkaður hafi verið að myndast á síðastliðnum árum. Nærtækast er að vísa til þess að Costco hefur samið við Skeljung um kaup á eldsneyti í heildsölu. Ennfremur seldi Skeljungur Atlantsolíu eldsneyti í heildsölu. Þá selur Olís Skeljungi eldsneyti m.a. á Patreksfirði og viðræður hafa einnig átt sér stað milli Olís og Festa um kaup á eldsneyti.

208. Varðandi birgðahald þá sinnir dótturfélag Olís og N1 hf., Olíudreifing ehf., birgðahaldi fyrir félögin. Olíudreifing ehf. lýtur sjálfstæðri stjórn sem móðurfélagin

geta ekki haft áhrif á samkvæmt hluthafasamkomulagi og skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið hefur sett félögunum. Fyrir liggur að Olíudreifing ehf. hefur lýst því yfir að félagið sé reiðubúið að selja öðrum aðilum þjónustu á öllum sviðum starfsemi félagsins, þ.m.t. birgðarými.

209. Varðandi kostnað fyrir aðila að koma sér upp birgðarými er vísað til þess að Atlantsolía ákvað á sínum tíma að fara í slíka fjárfestingu. Þó því fylgi kostnaður að koma sér upp birgðastöð getur varla verið um aðgangshindrun að ræða. Þá er á það bent að um næstum tveggja ára skeið flutti Atlantsolía inn eldsneyti í fartönkum þar til að félagið tók í notkun birgðastöð sína í Hafnarfirði. Innflutningur á eldsneyti er því alls ekki háður birgðastöð þó svo að hagkvæmara geti talist að flytja inn eldsneyti í stærri förmum en fartönkum.

210. Á ekki sérstaklega við varðandi dagvörumarkað.

#### 9.9.7 Aðgangur að aðstöðu eða samstarfi til að geta veitt þjónustu

211. Um þetta er vísað til kafla 9.9.6 hér að framan, en ekki er þörf á sérstöku samstarfi við aðra á markaði til að geta keppt á þeim mörkuðum sem um ræðir, utan hefðbundinna viðskiptasamninga við birgja.

212. Þá er innkoma Costco skýrt dæmi um aðgang. Til viðbótar má benda á að Atlantsolía kom ný inn á markaðinn árið 2003.

#### 9.10 Vægi rannsókna og þróunar

213. Aðilar telja að þessi atriði skipti ekki máli hér. Hvað varðar eldsneytismarkað er þó rétt að upplýsa um eftirfarandi atriði:

214. Hvað stefnu og umfang rannsókna og þróunar á umræddum mörkuðum og hjá Olís varðar þá er fylgst grannt með þróun á stórum áhrifaþáttum, s.s. heimsmarkaðsverði á eldsneyti, fjölda ferðamanna og dreifing þeirra á landsvísu og uppbyggingu og aðgengi að nýjum orkugjöfum.

215. Hvað tækniþróun sem átt hefur sér stað á umræddum mörkuðum varðar (þar með

talín þróun vöru og/eða þjónustu, þróun framleiðsluaðferða, dreifikerfa o.s.frv.) þá er leitast við að endurnýja með reglulegum hætti allan tæknibúnað sem notaður er við afgreiðslu á eldsneyti og dreifingu á því til viðskiptavina. Fylgst er vandlega með þróun á greiðslumiðlum og þeirri tækni sem getur mögulega skapað samkeppnisforskot á þessum markaði.

216. Hvað varðar helstu nýjungar sem fram hafa komið á þessum mörkuðum þá er það að segja að um einsleita vöru er að ræða sem er aðgengileg fyrir alla sem keppa á þessum markaði hér á landi. Olís á í samstarfi við helstu fyrirtæki í þessari grein í nágrennalöndunum og leitað er á hverjum tíma jafnvægis í að taka upp nýja tækni og þess að afskrifa búnað á skynsamlegum tíma.
217. Hvað þróunarferli nýjunga á þessum mörkuðum varðar þá er stöðugt leitað að nýjum leiðum til aukinnar hagkvæmni með skynsamlegum fjárfestingum í nýjum búnaði og tækni.
218. Engir samningar fela í sér útilokunaráhrif, s.s. vegna ákvæða um einkakaup, einkasölu eða einkadreifingu ellegar langs gildistíma, að mati Haga.

#### **9.11 Samstarfssamningar (láréttir og/eða lóðréttir) á mörkuðum þar sem áhrifa gætir**

219. Ekki er þörf á sérstöku samstarfi við aðra á markaði til að geta keppt á þeim mörkuðum sem um ræðir, utan hefðbundinna viðskiptasamninga við birgja.
220. Hvað varðar eldsneytismarkaðinn er vísað til umfjöllunar í kafla 9.12.

#### **9.12 Mikilvægustu samstarfssamningum sem samrunaaðilar hafa gert við aðra á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, til dæmis samningum um rannsóknir og þróun, nytjaleyfi, sameiginlega framleiðslu/þjónustu, sérhæfingu, dreifingu og upplýsingaskipti**

221. Olís á hlut í fjórum félögum sem sinna eftirfarandi verkefnum:
222. Eldsneytisbirgðastöðin í Keflavík EBK ehf. tekur á móti og geymir eldsneyti sem

notað er á flugvélar á Keflavíkurlflugvelli en það er afhent frá Helguvík í gegnum neðanjarðarlögn. EBK (sjá umfjöllun hér á eftir) afhendir eldsneytið að flugvél eða tankbíl þar sem EAK tekur við því og afgreiðir á flugvélar. Móðurfélög EAK, Olís, N1 hf. og Skeljungur hf., fengu undanþágu til samstarfsins með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2005.

223. Svo sem fyrr greinir er meginstarfsemi Olíudreifingar ehf. dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína, Olís og N1 hf., en Olíudreifing yfirtók starfsemi móðurfélaganna á þessum sviðum á árabílinu 1996-1999. Til viðbótar við birgðahald á fljótandi eldsneyti fyrir eigendur sína rekur Olíudreifing einnig olíubirgðastöðvar í Helguvík og Hvalfirði en báðar birgðageymslurnar eru leigðar út af Icelandic Tank Storage. Olíudreifing á og rekur m.a. um 60 olíuflutningabíla, vörubíla og dráttarbíla auk um 50 smærri bíla, 37 birgðastöðvar og 500 tonna olíuflutningaskip. Olíudreifing veitir einnig sérhæfða viðgerðar- og viðhaldsþjónustu á búnaði fyrir eldsneytisafgreiðslur í eigu N1 hf., Olís og Skeljungs hf., sem eru um 250 talsins. Félagið starfar á grundvelli ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 23/1995 og ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 21/2004.
224. Olíubirgðastöðin á Keflavíkurlflugvelli EBK ehf. er sameiginleg eldsneytisbirgðastöð á Keflavíkurlflugvelli, þ.e. á Keflavíkurlflugvelli eru birgðageymar í sameiginlegri eigu N1, Olís, Skeljungs og Icelandair ehf., gegnum EBK ehf. EBK tekur á móti og geymir eldsneyti sem notað er á flugvélar á Keflavíkurlflugvelli en það er afhent frá Helguvík í gegnum neðanjarðarlögn.
225. Fjölvær ehf. er efnarannsóknarstofa sem gerir um 50 staðlaðar mælingar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum á borð við staðla ASTM International en stofan sinnir einnig sýnatöku og magneftirliti í birgðaskipum og landgeymum vítt og breytt um landið. N1, Skeljungur og Olís eiga hvert þriðjung hlut í fyrirtækinu.
226. Þessi liður á ekki við um Haga og DGV.



### 9.13 Atvinnugreinasamtök sem samrunaaðilar tilheyra

227. Hagar og Olís eru aðilar að SVÞ, Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum atvinnulífsins, SA. Auk þess eru Hagar og Olís aðili að Viðskiptaráði. DGV er ekki beinn aðili að neinum hagsmunasamtökum.

## 10 KAFLI

### Áhrif á neytendur og milliliði

#### 10.1 Hugsanleg áhrif fyrirhugaðs samruna á hagsmuni neytenda og milliliða og á þróun efnahags- og tækniframfara

228. Að mati samrunaaðila hefur samruninn engin skaðleg áhrif á neytendur, né milliliði. Markaðsráðandi staða verður hvorki til né styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við hinn fyrirhugaða samruna. Þvert á móti er samruninn til þess fallinn að brjóta upp það mynstur sem verið hefur á eldsneytismarkaði og hefur að mati samkeppnisyfirvalda skapað skilyrði fyrir samhæfðri hegðun á þeim markaði.

##### 10.1.1 Áhrif á dagvörumarkað

229. Samruninn hefur engin samþjöppunaráhrif á hinum skilgreindu mörkuðum málsins. Engin samþjöppun verður á hinum skilgreinda dagvörumarkaði í kjölfar samrunans. Í markaðsskilgreiningu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 64/2008 er skýrt tekið fram að dagvörusala í verslunum olúfélaganna sé ekki á sama markaði og matvöruverslanir. Segir m.a. í ákvörðuninni:

Samkeppniseftirlitið telur að þrátt fyrir að vöruúrval dagvöru í verslunum olúfélaganna sem og í söluturnum kunni að hafa aukist á liðnum árum séu ekki forsendur til að líta svo á að þessar verslanir starfi á sama markaði og matvöruverslanir. Ljóst er að vöruúrval dagvara í þessum verslunum er eftir sem áður mun minna en í matvöruverslunum og tæpast svo mikið að neytendur geti uppfyllt daglegar innkaupaþarfir sínar þar. Þá er sú þjónusta sem þessar verslanir veita ekki eins fjölbreytt og sú sem matvöruverslanir geta boðið upp á, s.s. betra aðgengi að bílastæðum og innkaupakerrum.

Þessi markaðsskilgreining var staðfest af Hæstarétti í máli nr. 188/2010 en til hennar er einnig vísað í síðari ákvörðunum sem og skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði, þar sem sagði m.a.:

Vörumarkaður á smásölustigi telst almennt vera sala á dagvörum í dagvöruverslunum. Sérverslanir eins og bakarí, fiskbúðir, bensinstöðvar, söluturnar o.fl. hafa ekki verið taldar falla undir dagvörumarkaðinn. Einstakar

tegundir sérvorslana geta tilheyrt sérstökum mörkuðum. Með dagvöru er átt við vörur sem uppfylla daglegar neysluþarfir neytenda, þ.e. dagvöruverslanir bjóða upp á allt það vöruúrval sem neytendur mættu vænta til að uppfylla daglegar neysluþarfir sínar. Sérverslanir uppfylla ekki þarfir neytenda með sama hætti. Þá hefur dagvörusala bensínstöðva ekki verið talin hluti af markaðnum.

Þannig hafa samkeppnisyfirvöld ítrekað hafnað víðari skilgreiningu dagvörumarkaðar og að mati Haga er engin málefnaleg ástæða af hálfu samkeppnisyfirvalda til að líta nú með ólíkum hætti á markaðinn.

230. Þá er jafnframt nauðsynlegt að benda á að nýlenduvörusala Olís er jafnframt óveruleg, eða um [ ]<sup>99</sup>, sbr. nánar í kafla 8. Þar af nemur sala á [ ]<sup>100</sup> af tekjum Olís vegna nýlenduvara.

231. Engin lóðrétt áhrif eru af samrunanum á umræddan markað.

#### 10.1.2 Áhrif á eldsneytismarkað

232. Ekki verður heldur nein samþjöppun á eldsneytismarkaði í kjölfar samrunans, enda hafa Hagar ekki selt eldsneyti fram að samruna. Þó er rétt að taka það fram að Hagar áttu Skeljung frá október 2004 til febrúar 2006. Þvert á móti ætti samruninn að geta haft jákvæð áhrif á þann markað, sem Samkeppniseftirlitið hefur talið á ýmsan hátt óvirkan í samkeppnislegu tilliti, sbr. frummatsskýrslu eftirlitsins frá 30. nóvember 2015. Í skýrslunni var m.a. litið svo á að aðstæður og háttsemi á markaðnum auðveldaði samhæfða hegðun olúfélaganna í sölu á bifreiðaeldsneyti til einstaklinga, sem aftur ylli neytendum tjóni.

233. Þá hefur þótt nauðsynlegt að setja núverandi eignarhaldi á Olís tiltekin skilyrði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2012 um samruna Olíuverzlunar Ísland, Samherja og FISK-Seafood, vegna stöðu núverandi eigenda á sjávarútvegsmarkaði og lóðrétttra tengsla þess markaðar við eldsneytismarkaðinn. Með eignarhaldi Haga á Olís yrði þetta mynstur brotið upp, sem ætti að geta leitt til virkari samkeppni á eldsneytismarkaði.

---

<sup>99</sup> Trúnaðarmál.

<sup>100</sup> Trúnaðarmál.

### 10.1.3 Áhrif á markað fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði

234. Engin marktæk samþjöppunaráhrif eru á markaði fyrir útleigu á atvinnuhúsnæði til óskyldra aðila. Eins og reifað er hér að framan á DGV einungis eina fasteign, sem leigð er út til óskyldra aðila og nemur markaðshlutdeild DGV á umræddum markaði því undir [ ]<sup>101</sup>. Þá er starfsemi Haga í útleigu til óskyldra aðila afar takmörkuð, svo sem greinir frá hér að framan. Eru því engin áhrif af samrunanum á umræddan markað.

### 10.1.4 Samsteypuáhrif

235. Stafa því eingöngu samsteypuáhrif af umræddum samruna. Meginstarfsemi samrunaaðila er á aðskildum mörkuðum. Meginstarfsemi Haga er á sviði matvöru og annarrar dagvöru, auk þess sem félagið rekur séerverslanir með þekktum lífstíls- og tiskuvörumerkjum. Meginstarfsemi Olís er á sviði eldsneytissölu en [ ]<sup>102</sup> hlutar tekna félagsins eru vegna sölu orkugjafa.
236. Samkvæmt framangreindu skarast meginstarfsemi samrunaaðila á mörkuðum nær ekkert og samrunaaðilar eru ekki heldur í lóðréttu viðskiptasambandi nema að mjög takmörkuðu leyti og eiga ekki í viðskiptum sín á milli á mismunandi sölustigum. Því er um svokallaðan samsteypusamruna að ræða en almennt eru ekki löglíkur á því að slíkir samrunar hafi í för með sér samkeppnishamlandi áhrif.<sup>103</sup> Samsteypusamrunar eru almennt mun ólíklegri en láréttir samrunar keppinauta til að hafa veruleg samkeppnisleg áhrif,<sup>104</sup> enda geta þeir oft leitt til verulegrar

---

<sup>101</sup> Trúnaðarmál.

<sup>102</sup> Trúnaðarmál.

<sup>103</sup> Dómur undirréttar ESB í máli nr. T-5/02, Tetra Laval gegn framkvæmdastjórninni [2002] ECR II-4381: „Mergers of this type do not give rise to true horizontal overlaps between the activities of the parties to the merger or to a vertical relationship between the parties in the strict sense of the term. Thus it cannot be presumed as a general rule that such mergers produce anti-competitive effects.“

<sup>104</sup> Sjá eftirfarandi í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009, Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu, dags. 21. janúar 2010: „Um er að ræða svonefndan samsteypusamruna þar sem fyrirtæki renna saman en eru samt sem áður ekki í samkeppnislegum tengslum sem keppinautar eða viðskiptavinir. Fyrsta kastið breytist því í raun ekki neitt á samkeppnismarkaði við samsteypusamruna, þeir sem keppa um hylli viðskiptavina eru jafnmargir og jafnstórir og áður. Þeir hafa ekki náð sérstöku sambandi eða tókum

hagræðingar og haft jákvæð áhrif gagnvart neytendum, m.a. með því að hið sameinaða félag geti boðið upp á fleiri vörur á sama stað (e. one-stop-shopping), sbr. t.d. leiðbeiningar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðra samruna en lárétta.<sup>105</sup> Sérstaklega er tekið fram í 16. mgr. leiðbeininganna að sú staðreynd að samruninn hafi áhrif á keppinauta þar sem hann kunni að skapa aukna hagræðingu, geti ekki talist hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif, eða réttlætt íhlutun í samruna.<sup>106</sup> Þá kemur fram að nauðsynlegt sé að samkeppnisyfirvöld meti bæði hugsanleg neikvæð áhrif samrunans á samkeppni, sem og hugsanleg jákvæð áhrif hans sem kunna að stafa af hagræðingu og öðrum jákvæðum áhrifum samrunans fyrir neytendur.<sup>107</sup>

237. Samsteypusamrunar geta fyrst og fremst haft skaðleg áhrif á samkeppni ef þeir gefa færi á útilokun annarra aðila á markaði (e. foreclosure effect), með hindrun að aðföngum eða öðrum hömlum að aðgangi að markaði. Hér hefur einnig þýðingu hversu ólíkar þær vörur eru sem meginstarfsemi samrunaaðila byggist á, þ.e. annars vegar matvara og önnur dagvara og hins vegar eldsneyti.<sup>108</sup> Ljóst er að umræddar vörur uppfylla mismunandi þarfir viðskiptavina og höfða ekki nema að hluta til sama hóps þeirra. Þá eru umræddar vörur ekki keyptar af sömu heildsölum nema

---

á birgjum eða fengið sérstaka aðstöðu sem færir þeim samkeppnisforskot.“

<sup>105</sup> Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings (2008/C 265/07), t.d. mgr. 13 og 14.

<sup>106</sup> Sjá 16. mgr. leiðbeininganna: „In particular, the fact that rivals may be harmed because a merger creates efficiencies cannot in itself give rise to competition concerns.“

<sup>107</sup> Sjá 21. mgr. leiðbeininganna. Um þau jákvæðu áhrif má meðal annars vísa til umfjöllunar á bls. 160 í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðinum, en þar segir: „Rannsóknir hafa sýnt fram á að á þeim eldsneytismörkuðum þar sem sjálfstæðir smásalar eða matvöruverslanir selja eldsneyti sé eldsneytisverð að jafnaði lægra. Í rannsókn Hastings (2004) er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að rekja lægra verð til aukinnar markaðshlutdeildar sjálfstæðra smásala. Jafnframt komst breska samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að á þeim svæðum þar sem matvöruverslanir selji eldsneyti sé lítraverð að jafnaði 0,5-0,7 pensum (u.þ.b. 1-1,4 krónum) lægra en annars staðar.“

<sup>108</sup> Hér má vísa annars vegar til markaðsskilgreiningar Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðinum, bls. 49-69 í frummatsskýrslu í markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðinum. Hins vegar markaðsskilgreiningu á dagvörumarkaðinum á bls. 7-10 í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, „Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði - Staða samkeppninnar 2015“

að mjög litlu leyti.

238. Sem fyrr segir er það helst hættan á útilokandi áhrifum sem getur valdið afskiptum samkeppnisyfirvalda í samsteypusamruna. Tengsl á milli þeirra markaða sem samruninn hefur áhrif á geta, samkvæmt leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar, valdið hættu á því að samvinnun hins sameinaða fyrirtækis á viðskiptum á tengdum mörkuðum hafi útilokandi áhrif fyrir keppinauta. Mat á líkum á útilokandi áhrifum fer fram í þremur skrefum, þar sem (a) möguleikar á útilokun með t.d. samvinnun, (b) hvati til útilokunar og (c) líkleg áhrif slíkrar háttsemi á verð og valkosti neytenda, eru tekin til skoðunar.<sup>109</sup> Almennt séð gerir slík skoðun miklar kröfur til samkeppnislegrar greiningar af hálfu samkeppnisyfirvalda. Hér þarf einnig að hafa hugfast að gangi umræddur samruni eftir, þá munu á hvorum markaði fyrir sig starfa nokkur fjöldi stöndugra fyrirtækja með fjárhagslega burði til að viðhalda virkri samkeppni. Á eldsneytismarkaðinum verða þannig fjórir öflugir samkeppnisaðilar, meðal annars Skeljungur sem er stærsti eldsneytissali á Íslandi með 50% hlutdeild í heildarsölu eldsneytis á árinu 2016.<sup>110</sup> N1 kemur þar á eftir með 25% hlutdeild í heildarsölu eldsneytis og Olís því næst með 22% hlutdeild. Þá hefur Costco nýverið opnað stærstu eldsneytisstöð á Íslandi með 16 dælum en sterkar vísbendingar eru um að tilkoma Costco muni hafa mikil áhrif á bæði eldsneytis- og dagvörumarkaðinn. Að mati samrunaaðila eru því litlar hættur á útilokandi áhrifum.

#### 10.1.5 Hagar eru ekki markaðsráðandi á dagvörumarkaði

239. Hagar voru með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins árið 2008 skilgreindir í markaðsráðandi stöðu á dagvörumarkaði. Var þá litið til stöðu fyrirtækisins og

---

<sup>109</sup> Sjá mgr. 94 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB: „In assessing the likelihood of such a scenario, the Commission examines, first, whether the merged firm would have the ability to foreclose its rivals, second, whether it would have the economic incentive to do so and, third, whether a foreclosure strategy would have a significant detrimental effect on competition, thus causing harm to consumers. In practice, these factors are often examined together as they are closely intertwined.”

<sup>110</sup> Hlutdeild Skeljungs í heildarmarkaði ræðst að miklu leyti af því að félagið er með 83,9% í flugsteinolíu.

markaðshlutdeildar árin 2005 og 2006 eða fyrir 11 til 12 árum síðan. Allar götur síðan hefur félagið haft þá stöðu sína í huga og gætt þess með innra eftirliti og þjálfun starfsmanna að öll markaðsfærsla fyrirtækja Haga sé í samræmi við þá stöðu sem þá var skilgreind. Síðan þá hafa aðrir aðilar aukið hlutdeild sína á markaði. Festi og Samkaup hafa aukið hlutdeild sína með auknu framboði, lengri opnunartíma og opnun nýrra verslana en Hagar skipt 10-11 út úr samstæðunni og fækkað verslunarfermetrum. Þá hafa nýir aðilar komið inn á markaðinn á síðustu árin, svo sem Iceland, Víðir, Kostur o.fl. Auk þess hefur innkoma Costco inn á íslenskan dagvörumarkað mikil áhrif á núverandi stöðu á markaðnum og er nauðsynlegt að Samkeppniseftirlitið taki raunverulega stöðuna á markaðnum, með því að kalla eftir upplýsingum um heildarveltu Costco (og annarra markaðsaðila) í dagvöru, eftir að Costco kom inn á markaðinn. Með öðrum hætti stendur Samkeppniseftirlitið ekki undir þeirri rannsóknarskyldu sem hvílir á stofnuninni. Til marks um þá breytingu sem orðið hefur á markaðinum eftir komu Costco og nauðsyn þess að endurmeta stöðuna á dagvörumarkaðinum má benda á að velta Haga vegna sölu á dagvöru frá tímabilinu 23. maí – 31. ágúst 2017 samanborið við veltu á sama tímabili í fyrra hefur

[


--	--	--	--

]¹¹¹

240. Einnig má benda á frétt Hagstofunnar, um breytt innkaup heimila vegna nýrra verslana sem hafa tekið til starfa,<sup>112</sup> og sjónvarpsfrétt Stöðvar 2 um sama efni, 13. september 2017.<sup>113</sup> Þar kom m.a. fram að breytingar á neyslu séu alla jafnar hæggar en nú sé mikið umrót á markaði og miklar breytingar á innkaupum heimila, vegna tilkomu nýrra verslana. Nú sé til skoðunar hvort gera þurfi breytingar á samsetningu vísitölu neysluverðs sem yrðu fyrstu breytingar á samsetningu hennar í 16 ár eða frá því að byrjað var að taka við kreditkortum hjá einni af stóru keðjunum árið 2001. Um er að ræða óyggjandi vísbendingar um breytingar á dagvörumarkaði sem ekki verður litið framhjá.
241. Hagar telja allar líkur á því að ítarleg rannsókn samkeppnisyfirvalda á raunverulegri stöðu á íslenskum dagvörumarkaði leiði í ljós að Hagar sé ekki lengur í markaðsráðandi stöðu á dagvörumarkaði. Nauðsynlegt er að Samkeppniseftirlitið taki á ný til skoðunar alla þá þætti sem hafa áhrif við mat á markaðsráðandi stöðu. Niðurstaða um markaðsráðandi stöðu Haga í ákvörðun nr. 64/2008 byggðist einkum á eftirfarandi þáttum, sem nauðsynlegt er að skoða heildstætt.
242. **Markaðshlutdeild:** Markaðshlutdeild getur verið gagnleg fyrsta vísbending um samkeppnisaðstæður á þeim markaði sem er til skoðunar. Ljóst er hins vegar að markaðshlutdeild ein og sér getur ekki verið ákvarðandi um hvort fyrirtæki sé markaðsráðandi eður ei. Hagar voru í ákvörðun nr. 64/2008 taldir vera með 50% hlutdeild á landsvísu og tekið var fram að félagið hefði verið að auka hlut sinn um u.þ.b. 2% á sex árum þar á undan (þ.e. á árunum 2002-2008). Samkvæmt nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 hefur hlutdeild verslana Haga farið

<sup>111</sup> Trúnaðarmál.

<sup>112</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/verdlag/mat-a-ahrifum-breyttra-innkaupa-heimila-a-visitolu-neysluverds/>.

<sup>113</sup> <http://www.visir.is/g/2017170919547/bein-utsending-kvoldfrettir-stodvar-2>.



minnkandi og er nú 45-50% á landsvísu. Þannig eru Hagar samkvæmt þessu mati Samkeppniseftirlitsins komnir undir 50% markið þar sem löglíkur eru taldar vera fyrir markaðsráðandi stöðu og það án þess að raunveruleg velta Costco á dagvörumarkaði sé tekin með. Þá liggur fyrir að Festi, Samkaup og aðrir aðilar hafa aukið markaðshlutdeild sína. Ljóst má vera að nauðsynlegt er í þessu sambandi að meta áhrif Costco á markaðshlutdeild aðila á dagvörumarkaði með fullnægjandi hætti. Óumdeilt ætti að vera að fyrirtæki getur haft háa markaðshlutdeild án þess að búa yfir markaðsstyrk. Ekki má gefa markaðshlutdeild meira vægi en öðrum þáttum, t.d. efnahagslegum styrkleika, þegar metið er hvort fyrirtæki sé markaðsráðandi og búi þannig yfir markaðsstyrk.

243. **Efnahagslegur styrkleiki:** Í ákvörðun 64/2008 var samanburður á efnahagslegum styrkleika Haga og annarra keppinauta jafnframt talinn styrkja niðurstöðu um markaðsráðandi stöðu. Móðurfélag Haga væri umtalsvert stærri bakhjarl en Kaupás og samanburður allra helstu kennitalna sýndi að mati Samkeppniseftirlitsins að þær væru margfalt hærri en allra keppinauta. Því teldust Hagar í markaðsráðandi stöðu á dagvörumarkaði.
244. Nú liggur fyrir að efnahagslegur styrkleiki Kaupás hefur aukist mikið frá því sem var í ákvörðun 64/2008. Velta Kaupás hefur aukist um 85% frá því árið 2007 og EBITDA um 600%. Hagnaður félagsins er tæpar 860 millj. kr. en félagið var rekið með tapi árið 2007. Þá er eiginfjárlutfall í dag 32,4% en var tæp 10% árið 2007. Kaupás hefur auk þess fengið nýja eigendur, Festi hf., en það félag er í eigu fagfjárfesta og lífeyrissjóða að mestu. Þá hefur N1, sem skráðir eru í Kauphöll Íslands, skrifað undir samkomulag um helstu skilmála vegna kaupa á öllu hlutafé í Festi. Því er staðan að verulegu leyti breytt frá því sem var í ákvörðun 64/2008.
245. Þá er hinn nýi keppinautur, Costco, með 160 falda veltu Haga m.v. gengi þegar þessi tilkynning er send inn, sem jafnframt nemur fimmfaldri landsframleiðslu Íslands og efnahagslegan styrk sem ekki hefur áður þekkt á íslenskum markaði. Um er að ræða næststærsta smásala í heimi, með veltu upp á 12.200 milljarða króna árið 2016

- og hagnað sem nemur 246 milljörðum króna ef miðað er við gengi USD 105,1. Hagar veltu hins vegar um 80 milljörðum á síðasta ári og hagnaðurinn nam 4 milljörðum. Ekki þarf að velkjast í vafa um að munur á efnahagslegum styrkleika er gríðarlegur.
246. Þá liggur efnahagslegur styrkur Costco ekki einungis í veltu samstæðunnar eða eignarhaldi á versluninni í Garðabæ, heldur í sameiginlegum innkaupastyrk. Varla er hægt að draga í efa að efnahagslegur styrkur Haga er mun minni en Costco. Fullyrða má að Costco á Íslandi njóti innkaupastyrks Costco-samstæðunnar sem skilar versluninni verulega lægri innkaupsverðum heldur en öðrum smásölum á Íslandi bjóðast. Við blasir að sameiginleg innkaup samstæðunnar gefa versluninni í Garðabæ gríðarlegan styrk inn á íslenskan markað enda nýtur hún markaðs- og afsláttarsamninga við stærstu framleiðslufyrirtæki heims, sbr. Kelloggs, Nestle, Procter & Gamble o.fl. Við mat á efnahagslegum styrk keppinauta á íslenskum dagvörumarkaði er algjörlega nauðsynlegt að Samkeppniseftirlitið taki þennan þátt til skoðunar og mats. Að öðrum kosti er rannsóknarskyldu eftirlitsins ekki fullnægt að mati Haga.
247. Auk þess hefur verslunin, að því er Hagar komast næst, undirverðlagt íslenskar vörur svo sem Smjörva, Heimilisbrauð og íslenska gosdrykki svo sem Egils appelsín. Slík háttsemi ber vott um efnahagslegan styrk. Nauðsynlegt er að taka þennan þátt til skoðunar í endanlegu mati Samkeppniseftirlitsins en án þess getur stofnunin ekki talist sinna rannsóknarskyldu sinni.
248. **Aðgangshindranir:** Þá byggði Samkeppniseftirlitið niðurstöðu sína árið 2008 um markaðsráðandi stöðu Haga jafnframt á því að aðgangshindranir væru að íslenskum matvörumarkaði en fullyrt er í ákvörðuninni að aðgangshindranir á almennum smásölumarkaði séu þó nokkrar. Þessu geta Hagar ekki verið sammála. Á íslenskum dagvörumarkaði eru lagahindranir sem koma í veg fyrir innkomu nýrra keppinauta engar eða mjög takmarkaðar. Auk þess eru engar hindranir fyrir hendi er snúa að nauðsynlegum aðföngum eða hugverkaréttindum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að tryggð framleiðanda og heildasala við tiltekna smásala á

íslenskum dagvörumarkaði sé raunveruleg. Innkoma Víðis, Iceland, Kosta, Kvosarinnar og Costco á íslenskan matvörumarkað ætti að sýna að þær aðgangshindranir sem fjallað er um í ákvörðun 64/2008 eru ekki raunverulegar og geta röksemdir sem lúta að ætluðum aðgangshindrunum því ekki orðið til þess að Hagar verði skilgreindir í markaðsráðandi stöðu eða til þess að styrkja slíka niðurstöðu. Þvert á móti sýnir innkoma þessara fyrirtækja og nauðsynlegar aðgerðir Haga til að bregðast við nýrri samkeppni að Hagar búa því ekki yfir þeim markaðsstyrk sem þeim hefur verið ætlaður.

249. Þannig byggja Hagar á því að allir helstu þættir, sem leiddu til skilgreiningar á markaðsráðandi stöðu Haga á árinu 2008 hafi tekið veigamiklum breytingum, bæði á undanförunum árum, með uppskiptingu Haga þegar 10-11 var skipt út úr fyrirtækinu (en þá fóru 25 verslanir frá Haga-samstæðunni), með samdrætti í verslunarfermetrum hjá Högum um tæplega 20.000 á síðasta rekstrarári, minnkandi markaðshlutdeild Haga verslana en ekki síst nú að undanförunu með innkomu erlendra verslanasamstæða. Full ástæða er til þess, að mati Haga, að Samkeppniseftirlitið endurskoði framangreint mat með fullnægjandi rannsókn á raunverulegri stöðu á markaðnum.
250. Þá er jafnframt til þess að líta að sú þróun dagvörumarkaðar, að stærri verslanir með breiðara vöruframboð hafi tekið við af smærri verslunum hefur leitt til þess að verslanir þurfa að uppfylla kröfur neytandans um einnar ferðar verslanamynstur. Afleiðing þessa er að þegar verslun hækkar verð, eða er með hærri verð en keppinauturinn, á einni vöru tapast jafnframt eftirspurn á öðrum vörum, svokallað „*cross-category effect*“. Hagar eru engin undantekning þegar kemur að þessu og verða áhrif verslunar eins og Costco því meiri að þessu leyti. Séu þessi áhrif tekin inn í heildarmat styður það þá niðurstöðu að Hagar séu ekki í markaðsráðandi stöðu. Samruninn getur hins vegar gert Haga betur í stakk búna til þess að veita íslenskum neytendum frekari valkosti og auka samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum.

#### 10.1.6 Hagræðingarrök

251. Vísað er til þess sem fyrr segir um lækkun kostnaðar, sem leiðir til þess að unnt er að bjóða betri þjónustu og lægra verð, ekki síst á landsbyggðinni.

## 11 KAFLI

### Viðbótartakmarkanir

252. Engar viðbótartakmarkanir eru til staðar eða leiða af samrunanum.

## 12 KAFLI

### Yfirlýsing

253. Undirritaðar lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðar hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislaga.

Reykjavík, 25. september 2017

f.h. Haga hf.

---

Jóna Björk Helgadóttir hrl.

---

Unnur Lilja Hermannsdóttir hdl.